

# Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar Framtíðarskipulag - Leirdalur

Leirdalur - 18 holu keppnisgolfvöllur

Desember 2015

Unnið af



Snorri Design - Golf Course Architecture  
Snorri Vilhjalmsón  
Porsche Strasse 7, 4400 Steyr, Austria  
snorri@golfcourse-design.com  
www.golfcourse-design.com  
Tel: +43 650 2276 999  
UID: ATU 62622718



Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar  
Vífilsstaðarvegur  
210 Garðabær

# Inngangur og verklýsing

Inngangur  
Verklýsing  
Einkenni  
Heildarálit

# Inngangur

Skýrsla þessi er unnin af Snorra Vilhjálmssyni, golfvallararkitekt eftir fundi með stjórn GKG, vallarnefnd og vettvangskonun í maí 2015 fyrir Golfklúbb Garðabæjar og Kópavogs (GKG) varðandi framtíðarskipulag golfvalla klúbbsins.

Skýrslan er samantekt atriða til frekari umræðu um umhirðu, hönnun og framtíðarsýn stjórnar og meðlima GKG fyrir 18 holu golfvöllinn sem nefndur er Leirdalur.

Niðurstöður skýrslunnar eru byggðar á hugmyndum um endurbætur við skoðun vallarins og niðurstöðum mælinga af loftmynd og teikningum ásamt punktum frá vallarnefnd, stjórn, vallarstjóra og skoðanakönnun meðal meðlima klúbbsins.

Það er ósk stjórnar að fram komi framtíðarskipulag sem hægt væri að vinna markvisst eftir við frekari umbætur, hvar þær skuli gerðar og umfang þeirra svo áætla megi verkefni, kostnað og tímasetja breytingar.

Umbætur í þessari skýrslu eru uppsettar fyrir Leirdalinn en taka þó tillit til frekari umbóta og framtíðarskipulags á Mýrinni, 9 holu golfvelli GKG, sem gert hefur verið skil í annari skýrslu.

# Verklýsing

## **Halda styrkleika, bæta veikleika.**

Hverjir eru núverandi styrkleikar m.v. nágrannavelli.

Vekja athygli á núverandi veikleikum m.v. nágrannavelli og alþjóðavelli.

## **Núverandi einkenni vallarins – framtíðareinkenni vallarins.**

Hver eru hönnunareinkenni vallarins.

Hver verða hönnunareinkenni vallarins.

## **Almenn einkenni og framtíðarsýn GKKG varðandi gerð:**

Flatar (stærð, útlit, dren, vökvun, viðhald, grastegund)

Glompu (stærð, útlit)

Teigs (fjöldi, stærð, lega, útlit, viðhald, grastegund, aðgengi)

Brautar (sláttur, viðhald, grastegund)

Karga (sláttur, viðhald, grastegund)

Vatnstorfætur og tjarnir (útlit, halli, aðgengi, gróður, dúkar, öryggi)

Stígs (breidd, efni, lengd, lega)

Vökvunarkerfis (svæði, vatnsmagn, viðhald)

Drenakerfis (undir- og yfirborðsdren fyrir flatir, glompur, brautir og niðurföll)

Gróðurs (staðsetning, stærð, gerð, hlutverk)

# Verklýsing framhald

## **Athuga öryggi, bæta öryggi.**

Kylfinga

Starfsmanna

Göngu og hjólafólks

Vallarmörk innan vallar og utan vallar

## **Stærð og umfang breytinga.**

Stærð breytinga

Tímaáætlun breytinga

Kostnaðaráætlun

Leikhæfur völlur meðan á breytingum stendur

## **Taka betur við vetrar og vorleysingum**

Stækka tjarnir

Veita regnvatni skipulega yfir golfvöllinn

Drenakerfi

## **Hlutverk vallarins sem “keppnisvöllur”.**

Hönnunarauðkenni fyrir keppnisgolf

Uppsetning fyrir stórmót

## **Markmið.**

Að auka gæði vallarins með því að draga fram styrkleika landsins og vinna úr veikleikum.

# Heildarálit

Leirdalurinn er talinn skemmtilegur keppnisgolfvöllur. Það er mikil fjölbreytni í legu og landslagi á holunum og útsýni frá mörgum þeirra er stórkostlegt.

Vífilstaðarvöllur var lengi vel 18 holur í Vetrarmýrinni í Garðabæ. Árið 2007 voru svo teknar í notkun 9 holur í Leirdalnum í Kópavogi og úr varð 9 holu Mýrarvöllur og svo 18 holu Leirdalsvöllur sem byggir að helmingi á gamla Vífilstaðarvelli og að hinum helmingnum á nýju holunum í Leirdalnum.

Eldri holur eru komnar á tíma og þarf að uppfæra margar hverjar útaf drenavandamálum og til að auka á leikhæfni. Glompur þarf að endurmóta í eitt samræmt útlit á öllum holum og margar flatir þarf að endurmóta að hluta, til að falla betur að umhverfinu og taka betur við boltum. Blind högg mætti einnig forðast með endurmótun á brautum þar sem þau koma fyrir.

Nýju holurnar hafa öðruvísi hönnun en fyrri holurnar og leikast því ekki eins. Flatir eru byggðar upp með öðrum hönnunarforsendum en fyrri flatir og glompur voru margar hverjar grafnar upp eftir mótun á brautunum og falla því ekki vel að umhverfinu. Upplifunin að spila 18 holur er því enn að spila að hluta til gamlar holur og nýrri holur.

Það er áætlun klúbbsins að færa Leirdalsvöllinn í betra form og bæta útlit og leikhæfni vallarins auk þess að samræma útlit á öllum holum svo þær leikist og virki sem ein heild.

Völlurinn á að vera fær um að halda keppnisgolf og stórmót og vera einn af bestu golfvöllum Íslands. Það er því mikið í húfi fyrir GKG að Leirdalurinn verði uppfærður í sitt besta form, verði enn skemmtilegri og meira krefjandi en einnig leikhæfur meðan á hvers konar framkvæmdum stendur.

## Styrkleikar

Fjölskylduvænn

Keppnisvöllur

Fjölbreytni

Útsýni

Almenn ánægja kylfinga með völinn

## Veikleikar

Þarfnast uppfæringar – flatir, brautir, teigar, tjarnir

Drenavandamál

Sumstaðar öryggisvandamál

Ekki möguleiki að spila 9 holur

Ójafnvægi í hönnun nýrra og eldri brauta

# Einkenni

Það þarf að koma á einu ákveðnu einkenni fyrir völlinn. Eitthvað sem kemur upp í hugann þegar fólk hugsar um Leirdalinn. Einkennið þarf að ná yfir alla hönnunina og umhirðuna, þannig hún sé einsleit fyrir allan völlinn og þær framkvæmdir sem farið er í verði til bóta fyrir völlinn og færi hann í samræmt útlit.

Framkvæmdir á Vífilstaðavelli spanna langt tímabil og með nýju Leirdalsholunum er ljóst að mikil vinna og fjármagn hefur verið lagt í Leirdalsvöllinn. En það hefur vantað skýra framtíðarsýn varðandi stíl vallarins, svo skiljanlega samræmist vinnan ekki einu ákveðnu mynstri, svo sem stærð teiga, fjarlægð milli teiga, sláttur á brautum, skurðir og tjarnir, stærð flatar, umhverfi og hönnun.

Það er markmið þessarar skýrslu að koma á sniðmáti og fyrirmynd sem hægt er að fara eftir þegar farið er í betrubætur og uppfæringar. Þetta sniðmát nær yfir:

**Flatir** : Hólar og hæðir nái inn í flötina og mynda eitt heildar umhverfi án þess að missa holustaðsetningar.

**Teigar** : Fjöldi teiga á braut og fjarlægð milli teiga samræmist lengd holunar, stærri teigar fyrir þar 3 holur.

**Glompur** : Verði mótaðar undir einum stíl og sýnilegar, ekki bara grafnar niður og uppgröftur settur í einn hól við hliðina, staðsetning þeirra skipulögð svo þær auki fjölbreytni í leikáætlun golfarans.

**Brautir** : Sláttur og leikhæfni á að samræmast markmiði klúbbsins, sem er að Leirdalurinn sé keppnisvöllur en jafnframt fjölskylduvænn völlur fyrir alla kylfinga. Sláttur á brautum þarf að falla betur að landslaginu ásamt leyfa háum karga á svæðum sem ekki eru í leik.

**Vatnstorfætur, skurðir** : Tjarnir og bakka þarf að færa í ákveðið munstur svo heildareinkenni vallarins haldi sér. Stækka þarf tjarnir til að taka betur við fráveituvatni og vetrar og vorleysingum.

**Drenakerfi** : Auka þarf undirborðsdren á mörgum brautum og skipulega leiða vatn af vellinum. Einnig þarf að auka yfirborðsdren með endurhönnun á brautum og flötum auk þess að bætt við niðurföllum á brautum.

**Stígar** : Legu stíga þarf að athuga svo hægt sé að dreifa umferð og álagi inn á og út af stígum, bæði fyrir fótgangandi og golfbíla og losna við slitskemmdir, sveigja þá meira til og reyna að fela með smá hólum og herra grasi.

**Gróður** : Hlutverk, staðsetning, stærð og gerð gróðurs auk um umhirðuáætlunar þarf að festa á blað til að samræmast sérkennum vallarins.

# Þættir með tillögum

Keppnisvöllur  
Teigar og lengd  
Stefna brauta  
Tillaga að lengd á teigum  
Flatir  
Glompur  
Vatnstorfærur  
Drenavandmál  
Gróður  
Stígar  
Skilti og bekkir  
Skoðunarkönnun



# Keppnisvöllur

Hluti af metnaði GKG er að gera Leirdalsvöllinn að besta velli á Íslandi og halda uppi þeim gæðastandard sem keppnisvöllur ætti að hafa.

Keppnisvöllur þýðir að völlurinn hefur ákveðinn gæðastimpil sem kylfingar og ferðamenn nota til að bera saman velli. Völlurinn hefur sannað sig að hann er fær um að halda Íslandsmót og að geta tekið við alþjóðlegum keppnum. En við uppsetningu á keppnisvelli og þeim tillögum sem hér eru bornar fram er meðal annars eftirfarandi notað til viðmiðunar.

Hönnun og viðhald vallarins er í hæsta gæðaflokki og leikskipulag á honum hentar bæði högggleik og holukeppni.

Spennandi og krefjandi lokaholur, helst eina af hverju pari (3, 4, 5) í loka þrennuni þar sem möguleiki er á taka áhættu og oft eru sveiflur í skori.

Uppsetning vallarins hentar öllum mótum, ekki bara fyrir karlkyns afrekskylfinga.

Forðast auka almennt viðhald bara fyrir þá fáu daga sem völlurinn er nýttur undir mót.

Skipuleggja þarf möguleg áhorfendasvæði, fjölmiðlasvæði og umferð um völlinn.

Golfskáli er nógu stór til að geta þjónustað kylfinga og áhorfendur með m.a. veitingaþjónustu, verslun, kylfugeymslu, búningaaðstöðu og sturtum.

Útsýni frá golfskála ætti að vera yfir mestallan völlinn og bílastæði sem getur tekið bæði við keppendum og áhorfendum.

Æfingarsvæði til fyrirmyndar og getur þjónað stórmótum.

Gæði og uppsetning vallarins skiptir ekki síður máli fyrir hinn almenna kylfing þar sem upplagt er að þar 3 holur séu “hit or miss” refsiholur meðan lengri holur séu uppbyggðar með fjölbreyttri leikáætlun og herhænsku sem þvingar kylfinga til að hugsa frá teig til flatar og geta launað þeim sem taka áskorum.

Hver golfhola ætti að vera stórkostleg þar sem sem kylfingar upplifa töfra golfsins!

# Teigar og lengd

## Núverandi lengd skv. skorkorti í metrum

Braut	Par	Hvítir	Gulir	Bláir	Rauðir
1	4	381 (107 %)	356 (100 %)	338 (95 %)	325 (91%)
2	3	185 (120 %)	154 (100 %)	148 (96 %)	131 (85%)
3	5	464 (108 %)	429 (100 %)	422 (98 %)	391 (91%)
4	3	125 (113 %)	111 (100 %)	111 (100 %)	102 (92%)
5	4	354 (107 %)	332 (100 %)	325 (98 %)	307 (92%)
6	4	372 (109 %)	342 (100 %)	333 (97 %)	303 (89%)
7	5	509 (104 %)	488 (100 %)	478 (98 %)	456 (93%)
8	4	326 (106 %)	307 (100 %)	298 (97 %)	281 (92%)
9	3	163 (111 %)	147 (100 %)	142 (97 %)	121 (82%)
ÚT	35	2879 (108 %)	2666 (100 %)	2595 (97%)	2417 (90%)
10	4	395 (109%)	362 (100%)	354 (98%)	332 (92%)
11	3	134 (116%)	116 (100%)	106 (91%)	88 (76%)
12	5	500 (111%)	450 (100%)	421(94%)	388 (86%)
13	3	150 (105%)	143 (100%)	124 (87%)	118 (83%)
14	5	444 (104%)	425 (100%)	408 96(%)	392 (92%)
15	4	358 (103%)	348 (100%)	338 (97%)	262 (75%)
16	5	519 (109%)	478 (100%)	439 (92%)	436 (91%)
17	3	114 (102%)	112 (100%)	108 (96%)	97 (87%)
18	4	379 (116%)	328 (100%)	285 (87%)	280 (85%)
INN	36	2993 (108%)	2762 (100%)	2583 (94%)	2393 (87%)
Samtals	71	5872 (108%)	5428 (100%)	5178 (95%)	4810 (89%)

Prósentutalan er lengd miðað við gulan teig.

# Teigar og lengd

Á töflunni sést að það er ójafnvægi í lengd á teigum milli brauta. Bláir teigar eru í flestum tilfellum einungis örlítið styttri en gulir eða jafn langir meðan hvítir teigar eru allt frá 2% til 20% lengri en gulir. Gott væri að halda í ákveðna % af heildarlengd og dreifa teigum samkvæmt því á brautina svo sumar brautir verði ekki alltof stuttar eða langar af ákveðnum teigum miðað við aðra teiga.

Margir 18 holu keppnisvellir miða við þar 72 og 6400 metra af öftustu teigum og hver teigur styttr lengd vallar upb. 400 metra eða 6% af heildarlengd: 6400m, 6000m, 5600m, 5200m, 4800m, svo eru barnateigar settir á brautirnar sjálfar.

Sem keppnisvöllur ætti GKG að halda áfram að **hafa 4 teiga á braut**; hvíta, gula, bláa og rauða. Leirdalurinn er samtals 5872m þar 71 af hvítum og væri því hægt að miða við að kjör lengdir fyrir teigana væru 5900, 5500, 5100 og 4600 metrar með **7% mismun** á lengd milli teiga.

Oft er hvíti teigurinn "heilagur" á Íslandi og einungis notaður örfáa daga á ári af meistaraflokkskylfingum meðan erlendis er bæði gestum og meðlimum leyft að spila og æfa af þeim. Forgjafaskipta mætti einnig mótum þar sem t.d. forgjöf 12 og lægri spili af hvítum og hærri forgjöf af gulum. Konur fengu svipað skipulag á bláum og rauðum. Slíkt gæti dreift álagi af gulum og rauðum teigum og fært spilamennsku á 4 teiga en ekki einungis 2 teiga. Dreifist þá álagið og haldast teigar í betra formi.

Almennt séð mætti einnig forðast þann misskilning að gulir teigar séu karlateigar og rauðir kvennateigar. Guli liturinn segir einungis til um það að teigurinn sé sá næst aftasti á vellinum. Hver sem er má spila af honum en kyfingur ætti þó að velja teig sem hefur þá heildarlengd sem hentar hans spilamennsku. Hvítir teigar eru settir upp þannig að miðað sé við landingarsvæði í **250 metra** fjarlægð meðan gulir miða við **230 metra**. Þar beygir brautin og þar má einnig finna helstu hættur.

Stærð teiganna ætti að vera **80 m<sup>2</sup>, 180 m<sup>2</sup>, 130 m<sup>2</sup> og 150 m<sup>2</sup>**, sporöskjulaga form í höggstefnu og falla að umhverfinu með 1% yfirborðshalla. Hver teigur ætti að vera með tveim til fjórum vökvunarhausum, staðsettum fyrir utan teiginn. **Grjóthleðsla** í kringum teiga sem sitja í miklum halla er eitt af einkennum Leirdalsins sem nýta má til að greina hann frá Mýrinni.

# Teigar og lengd

## Lengd brauta (m.v. gulan teig)

Upplagt er að 9 holur hafi par 36 með einni stuttri par 3 (140m) og einni langri (190m) og einnig stuttri par 5 (430m) sem hægt væri að ná inná í tveimur höggum og einni langri (500+ m).

Þar sem uppsetning vallarins mun ekki taka gríðarlegum breytingum er líklega ekki mögulegt að ná fram upplagðri uppsetningu en ef auka á við teig, stytta eða lengja holu, er gott að bera saman hvaða lengdir eru á brautunum.


Grafið sýnir að núverandi par 3 brautir (grænar) eru frekar stuttar. Á seinni níu holunum er engin lengri en 145 metrar og holur 2 og 9 eru svipaðar að lengd, báðar á fyrri níu holu hringnum.

Hér er svigrúm til bætinga.

Svigrúmið á par 4 er ágætt frá 327 metrum til 397 metra. Hér er ekki farið í áhrif á hæðarmismun við samanburð á lengdum.

Par 5 brautirnar eru einnig ágætar með stuttum brautum og löngum.

Núverandi lega vallarins og nánasta umhverfi býður þó ekki upp á að lengja holur mikið nema par 3 holurnar. Til að auka á fjölbreytni í lengd er því mælt með að nýta alla teiga betur eins og hefur komið fram.



# Stefna brauta

## Stefna par 3 hola (rauður)

Lengd par 3 hola er ekki eini mælikvarðinn á erfiðleika eða fjölbreytni, stefna þeirra er jafn mikilvæg því með breytilegri vindátt getur sama hola leikist á gjörólíkan hátt. Í fullkominni hönnun myndu allar par 3 holur stefna í sitt hvora áttina.

Á Leirdalnum höfum við 6 par 3 holur. Stefna þrjár þeirra í norð-austur og þrjár í norð-vestur. Ef uppsetning vallarins yrði breytt mætti laga þetta og láta þær stefna í mismunandi áttir.

## Stefna par 4 hola (svartur)

Lega landsins og vallarins bíður ekki upp á mikið meira en golfholur í vestur eða austur fyrir utan tvær holur, þriðju og sextánda.

Stefnir meiri hluti þeirra til vinstri eða 7 holur á mót 2 til hægri.


Beygja þær þó flestar tiltölulega lítið nema sú 14., 15. og 6.

Þrjár holur stefna beint.

## Stefna par 5 hola (blár)

Það eru fimm par 5 holur og er stefna þeirra einnig annaðhvort vestur eða austur.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir endurhönnun (e. redesign) vallarins heldur endurnýjun (e. remodeling) verður uppsetningu vallarins ekki breytt nema að litlu leyti en gott er að hafa þessi atriði í huga við smærri og stærri endurnýjunarverk á vellinum.



# Tillaga að lengdarbreytingum

## Tillaga að lengd brauta (m.v. hvítan teig)


Með því að halda hvítum teigum í flestum tilfellum og færa gula, bláa og rauða teiginn samkvæmt **7% reglunni** fæst betri dreifing milli teiga á braut.

Þær brautir sem taka mestum breytingum eru þær 3 brautirnar.

Hola 2 verður miðuð frá hvítum teigum og lengist því af sama skapi af hinum teigunum.  
Hola 17 fær einnig nýja flöt og lengist í 140 metra holu af hvítum því er mælt með að lengja einnig 13 holu í 150 metra svo þær verði ekki jafn langar.

Ekki er mikið svigrúm til að gera langa þær 3 holu á seinni níu hringnum.

Dreifing á lengd brauta er góð með stuttri þær 3 frá 129 metrum til langrar 193 metra holu. Þær 4 frá 325 metrum til 410 metra og þær 5 frá 441 metrum til 512 metra.



# Tillaga að lengdar breytingum

## Tillaga að skorkorti fyrir Leirdalinn.

Hvítir teigar halda í flestum tilfellum núverandi stað og er gulum, bláum og rauðum teigum dreift samkvæmt 7% reglunni sé þess kostur.

Hola	PAR	Hvítir	Gulir	Bláir	Rauðir
1	4	374	348	318	292
2	3	193	175	157	132
3	5	467	436	396	365
4	3	129	120	107	95
5	4	356	331	303	278
6	4	369	343	300	272
7	5	512	476	429	402
8	4	325	302	276	254
9	3	165	152	140	124
1-9	35	2890	2683	2426	2214
10	4	397	369	337	310
11	3	136	126	116	106
12	5	495	450	420	386
13	3	150	140	128	117
14	5	441	410	375	344
15	4	410	381	348	320
16	5	512	478	436	402
17	3	140	129	118	109
18	4	379	352	322	282
10-18	36	3060	2835	2600	2376
1-18	71	5950	5518	5026	4590

# Flatir

Samkvæmt mælingu á loftmynd eru núverandi flatir:

Braut

1	509 m <sup>2</sup>	
2	468 m <sup>2</sup>	(par 3)
3	530 m <sup>2</sup>	
4	477 m <sup>2</sup>	(par 3)
5	610 m <sup>2</sup>	(tenging við 5.flöt tekin með)
6	475 m <sup>2</sup>	
7	504 m <sup>2</sup>	
8	435 m <sup>2</sup>	
9	410 m <sup>2</sup>	(par 3)

Braut

10	491 m <sup>2</sup>	
11	548 m <sup>2</sup>	(par3)
12	414 m <sup>2</sup>	
13	491 m <sup>2</sup>	(par 3)
14	402 m <sup>2</sup>	
15	561 m <sup>2</sup>	
16	468 m <sup>2</sup>	
17	434 m <sup>2</sup>	(par 3)
18	415 m <sup>2</sup>	(ný flöt 550 m <sup>2</sup> )

Rauð tala tilgreinir flöt minni en 450 m<sup>2</sup>

**Meðaltal 480 m<sup>2</sup>**

Par 3 flöt ætti að meðaltali að verða stærri en aðrar flatir þar sem boltaför og áreiti er meira.

Við endurhönnun eða endurnýjun á flöt ætti hún að vera í samræmi við núverandi flatir, eða allar flatir stækkaðar í samræmda stærð. Meðaltal flatana er ekki stórt m.v. alþjóðavelli þar sem 550 m<sup>2</sup> er meðalstærð.

Mælt er með að ný flöt sé ekki minni en 500 m<sup>2</sup> og helst séu flatir **stækkaðar í + 550 m<sup>2</sup>** til að standast álag á vellinum og viðhalda háum gæðum flata.




# Flatir

Flatir á Vífilstaðahlutanum eru margar hverjar farnar að eldast og þar sem landið er lifandi færast þær náttúrulega til, síga og hætta að drena. Það þarf að taka margar flatir í gegn, í heild eða að hluta til. Flatir í Leirdalnum eru oft kúptar, harðar og taka illa við boltum. Ekkert bak er í þeim og á sumum brautum er flötin hæsti punktur brautarinnar sem mætti lækka töluvert niður.

Helming flatana þarf að endurhanna, hinn helminginn að endurmóta til að taka landslagið í kring betur inn í flötina og tengja þær umhverfinu. Hver hóll, hæð og lægð ætti að hafa hlutverk. Hönnun og lögun flatarinnar ætti einnig að stjórna af hólum og hæðunum í kring og sama á við glompur, forflöt og stíga. Allt ætti þetta að mynda eina samliðandi heild.

## Dæmi um núverandi flöt



Efri: Flötin hefur ekkert bak og virkar ónáttúruleg.

Neðri: Flötin er komin á tíma, farin að síga og drenar sig illa.

## Framtíðarflöt



Umhverfið myndar flötina.

# Glompur

Fjöldi glompa á Leirdalsvellingum er eftirfarandi:

Braut	á braut	við flöt	Braut	á braut	við flöt
1	5	1	10	3	1
2	0	2	11	0	3
3	2	0	12	4	2
4	0	2	13	1	3
5	1	2	14	3	2
6	1	3	15	2	3
7	4	2	16	0	0
8	2	3	17	0	2
9	0	3	18	6	0
			<b>Samtals</b>	<b>34</b>	<b>+ 34 = 68</b>

Allar brautir hafa glompur, nema 16. brautin sem þó deilir flatarglompum með 2. flötinni. Að meðaltali er 1.8 glompur við brautir og flatir.

Það þarf þó að fara yfir staðsetningu glompana og í mörgum tilfellum aðlaga þær til að auka við leikskipulag á braut og þá einnig að nýta annað landslag sem torfærur þ.e. hóla, hæðir, lægðir og vatnstorfærur.

Uppsetning á vellingum á að taka tillit til að þetta sé hágæða keppnisvöllur en þó jafnframt leikhæfur og skemmtilegur hversdagaskylfingum og felur því tillaga að breytingum í sér að athuga hvort staðsetning hvers og eins sé nauðsynleg og hvor glompurnar refsí jafnt reyndum golfurum sem byrjendum.

Framtíðarsýn vallarins er ekki að fjölga glompum heldur endurstaðsetja þær og í raun **fækka þeim úr 34+34 í 30+32.**

Við ítarlegri úttekt á hverri holu síðar í skýrslunni er farið í staðsetningar á hverri glompu fyrir sig, endurbætur og tillögur.

# Glompur

Það sem vantar þó er sameiginlegt einkenni á glompunum. Þær hafa margar hverjar lítið sem ekkert landslag, eru sumar ekki í leik og ósjáanlegar. Þetta þyrfti að laga og koma á einu heildareinkenni og hönnun á glompunum.

Til að samræma útlit á brautum er lagt til að allar glompur verði teknar upp og endurmótaðar með tíma. Allar glompur á Mýrinni og Leirdalnum munu þá samræmast einu framtíðarformi en Leirdalurinn mun þó hafa sitt séreinkenni sem eru aðeins dýpri glompur, kargi í kring og jafnvel hærri kargi að aftan eða til hliðar úr leikstefnu. Þetta ætti þó ekki að draga úr leikhæfni úr glompunum og brautarglompur ættu að leyfa lág högg uppúr þeim meðan flatarglompur geta verið dýpri þar sem þörf er á fleyghöggum.

Mælt er með að hafa tvenns konar lögun á glompum; hringlaga og laufлага. Þær verða auðvitað ekki allar eins, þar sem hver glompa hefur sinn tilgang og leikið er öðruvísi upp úr og kringum brautarglompu en flatarglompu. Þær ættu þó fylgja ákveðinni línu í hönnun, stíl og umhirðu.

## Dæmi um núverandi glompu



Pyttur grafinn og fylltur af sandi, efnið sett til hliðar.  
Engin hönnun, ekkert landslag, fellur ekki að umhverfinu.



Hver glompa hönnuð, mótuð og hefur tilgang.  
Fellur að og myndar landslagið í kringum sig.

## Framtíðarglompur

# Vatnstorfærur - skurðir

Skurðina má aðalega finna á Mýrinni og eru stór þáttur í tillögum að breytingum þar, að endurmóta þá og nýta betur sem vatnstorfærur við endurhönnun á brautum. Á Leirdalnum á þetta einungis við teiga á 15. og 18. braut.

Skurðirnir þykja sjálfir ekki mikil prýði. Beinar sterkar línur, þverhníptir og rofnir bakkar stinga í stúf við mjúku línurnar í landslaginu í kring. Það mætti laga þá til og endurmóta í læki og móta landslagið í kringum þá til að taka betur við yfirborðsvatni. Bakkar ættu ekki að vera einsleitir og jafnháir og skurður þeirra beinn, heldur hafa mismunandi halla og breytilega vídd á vatnsyfirborði sem liðast um landið.

Með steinum mætti skreyta lækina og einnig mynda róandi nið í vatninu sem eykur súrefni í því og gæði.

## Dæmi um núverandi skurð



Rofinn bakki og beinn skurður.



lðandi lækir, fjölbreytni í bökkum sem falla að umhverfinu

# Vatnstorfærur - tjarnir

Bakkar að tjörnum á Vífilstaðalandinu og Leirdalnum eru mismunandi. Frágangur þeirra fylgir ekki einni mynd eða munstri. Vífilstaðatjarnirnar þarf að dýpka og að hluta til endurmóta og framtíðarsýn Leirdalshlutans eru stærri tjarnir. Allir bakkar verða þá snyrtir og fylgja ætti þá tveimur sniðmátum við frágang þeirra. Það myndi auðvelda viðhald seinna meir og yrðu þá tjarnir stærri hluti af upplifun vallarins.

Lagt er til að tjarnir hafi aflíðandi grasbakka að vatnsyfirborði sem þarf að halda stöðugu til að minnka rof á bökkum. Fall grasbakkans má ekki vera of lítið sem eykur hættu á yfirflæði og rofi. Yfirfall yrði stöðugt milli tjarna og lækja og ætti að geta tekið við vorleysingum og auknu flæði í mikilli úrkomu án vandræða. Hitt sniðið væri steinhleðslubakki, þverhniptur og graslagður að ofan.

Einnig þarf að dýpka tjarnir til að minnka þörungamyndun, mælt er með 1:3 halla í tjörnum að eins metra dýpt, með eins metra láréttri öryggissillu, svo áfram 1:3 lækkun í 5 metra dýpt sé það mögulegt. Fylla mætti svo í hallann og botn með ruðningi til að þjappa efnið niður sem gefur fallegra útliti og dregur úr eyðingu og að drulla leiti upp.

## Dæmi um núverandi tjörn



Allar tjarnir á Leirdalnum eru frekar litlar og einungis með steinabakka.

## Framtíðartjarnir



Tvö sniðmát: steinn og gras, ekkert rof, djúpt vatn.

# Vatnstorfærur - yfirföll og brýr

Yfirföll milli tjarna þarf að skoða sérstaklega með tilliti til þess vatnsmagns sem kemur á veturna frá Leirdalnum. Lítil rör duga á venjulegum degi en ekki við miklar rigningar eða vetrar og vorhlákuna.

Ef yfirborðsyfirföll/vatnsfarvegir yrðu endurmótuð í meiri iðandi S-form lengist vatnskerfið sem heldur þá eftir meira af vatni, einnig er mælt með að stækka allar tjarnir til að taka við meira magni, auka á fegurð og bæta leikskipulag brautanna.

Flestar tjarnir munu hafa lagnayfirföll en yfirborðsyfirföll eru einungis til vara ef tjörnin fyllist fljótar en lagnirnar ráða við. Sýnileg yfirföll væru við 4. braut og þarf þar að gera snyrtileg yfirföll með grjóti og steinum sem mynda þægilegan nið í vatninu og samsvara sér við endurmótaða steinabakka í tjörnunum og skurðinum sem sker 3. braut. Vatnsflæðið yfir steina eykur einnig súrefni og gæði vatnsins.

Þörf er á aðgengi yfir vatnsfarveg á 3. og 4. braut. Brýr ættu ekki að vera fyrirferðamiklar heldur falla vel að umhverfinu og leyfa örugga umferð yfir lækina. Þær ættu ekki að trufla og helst vera úr sýn við leik.

## Dæmi um núverandi yfirfall



Snyrta þarf yfirföll og grasfarvegi



## Framtíðaryfirföll




Gras vatnsfarvegur eða steini lagður eins og á braut 3.

# Vatnstorfærur - vetrarleysingjar

Golfvöllurinn hefur lent í vandræðum við vetrarleysingar þar sem Kópavogsbær hleypir úr hluta af regn frávatni í tjörnina við 7. holu.

Sú fyllist þá fyrr og hleypir úr sér meðfram vatnsfarveginum í næstu tjörn. Þetta endurtekur sig í hverri tjörn allt til vatnsfarvegjar og skurðar sem sker 3. braut. Vandamálið er þó að tjarnirnar og yfirföllin ráða ekki við vatnsmagnið og það flæðir yfir hluta af golfbrautunum.



Hér er því lagt til stærri tjarnir og yfirföll sem taka betur á þessu vanda, meðal annars með því að bjóða upp á þann möguleika að losa fyrirfram úr úr öllum Leirdals-tjörnum yfir vetrartímamann.

Mýrarskýrslan leggur svo til breytingar á Vífilstaðalandinu og tjörnum og skurðum þar.

Teikning með tillögum að stækkun tjarna og lagninu yfirfalla til að taka við meira vatnsmagni..

# Drenavandamál

Vífilstaðarhlutinn er orðinn gamall. Brautir, flatir og teigar eiga það til að síga með tímanum og þarf reglulega að endurgera helstu golfsvæði til að halda þeim í góðu standi.

Það ætti ekki að vera vandamál að bæta dren á Leirdalshutanum þar sem tjarnir eða vatnsfarvegir liggja meðfram öllum brautum. En því miður eru margar brautir mótaðar þannig að þær vísi frá tjörnum sem beina yfirborðsvatni frá vatnssvæðum. Mörg drenavandamál mætti auðveldlega laga með því að endurmóta brautir svo þær vísi að vatni. Slík endurmótun myndi einnig fegra brautir með því að auka landslag í þeim og styrkja slátturlínur.

Hér er ekki verið að tala um einsleita halla heldur með hólum og hæðum auk þess að styrkja lágpunkta og markvisst vísa í þá yfirborðsvatni. Slíkir lágpunktar ættu þá að hafa niðurfall með röri í næsta vatnsból svo ekkert vatn sitji í þeim. Á Vífilstaðarhlutanum þarf lengri rör og fleiri lágpunkta til að ræsa völlinn í næstu tjarnir þar sem brautirnar liggja ekki allar við tjörn.

Stærri og sléttari fleti þarf að ræsa með drenalögnum og hefur verið hafist handa með jákvæðum niðurstöðum á vellinum. Auka þarf á slíkar drenalagnir á mörgum brautum.



Sig í landi, endurmóta þarf braut og beina yfirborðsvatni í læk.



Stórt drenavandamál er á braut 14.



# Gróður

Plöntur gefa sérhverju rými sérkenni og eru mikilvægur þáttur af umhverfi golfvallarins. Því þarf að vanda vel til verks að skilgreina hlutverk og gerð gróðursvæða, velja réttu plönturnar og gera umhirðuáætlun.

Þegar plöntur fást gefins eða ákveðin tegund ódýrari en önnur er oft hættu á að golfklúbbar missi yfirsýn yfir hlutverk plantnanna og ákjósanlegustu staðsetningu þeirra. Þegar farið er í gerð gróðurplans er betra að byrja á að skoða notkunarpörf og hlutverk gróðursins, fara svo í tegundaval sem uppfyllir réttu kröfurnar.

Aðferðafræði við skipulagningu gróðurs:

1. Val á yfirbragði gróðurs með tilliti til notkunar og áhrifa: hlutverk, staðsetning, notkun, áhrif.
2. Val á gróðureindum sem uppfylla kröfur til áhrifa: form, tímaáhrif, ræktunarstig, umhirða, þéttleiki, stærð svæðis.
3. Val á plöntutegundum í gróðureindir: tré, runnar, blóm, fjöldi, frá yfirtegund til ákveðinnar undirt egundar.

Það þarf að byrja á að líta á hlutverk og staðsetningu gróðurs. Markmið plöntunotkunar þarf að vera meðvituð, hvort sem hún er hagræn eða fagurfræðileg. Á golfvelli erum við aðalega að horfa eftir hálfvilltri gróskuútplöntun, til að tengja golfvöllin betur að umhverfinu og ræktunni í kring og skapa náttúrulegt yfirbragð. Við byggingar, stíga og önnur mannvirki mætti skoða meira skipulagða uppsetningu og hlutverk plantanna eins og limgerði og skjólbelti en brjóta þarf upp stíf form á golfvöllinum með fljótandi og mjúkum formum.

Að lokum er farið í tegundaval og þá þarf að athuga stærð og vaxtarform, vaxtarhraða, vind- og skuggapól og næringarpörf. Einnig þarf að athuga tegund og gæði jarðvegs og ríkjandi vindátt. Auka ætti fjölbreytni á núverandi gróðurreitum með innlendum plöntutegundum sem finnast í nánasta umhverfi og bæta við undirgróðri og auka litasamsetningu.

# Gróður

Á hverju stigi þarf einnig að hafa í huga umhirðuviðmið og jafn mikilvægt er að liggi fyrir gróðurumhirðuplan sem tekur einnig tillit til fjármuna sem unnt er að ráðstafa fyrir núverandi og nýja gróður þar sem plöntuframkvæmdir ná yfir langan tíma.

Tré geta haft margvísileg jákvæð áhrif fyrir golfvöllinn og kylfingana, þau geta dregið úr vindi, skapað skjól fyrir golfara og þurrkað upp jarðveginn sé hann of blautur. En athuga þarf að plöntur á golfvelli auki ekki á vandamál sem fyrir eru, dragi ekki úr leikhraða og leikánægju, skapi skuggavandamál, dragi næringu og vökva úr flötum og brautum og eyðileggi ekki drenakerfi með rótum.

Tengja þarf Leirdalshlutann og Vífilstaðarhlutann betur saman með því að samræma útlit á gróðri og tengingu við nánasta umhverfi. Heildarútlit Leirdalsvallar gæti svo greint sig frá Mýrinni þar sem lægri plöntur, hærri kargi og fleiri brautir nálægt vallarmörkum gætu skorið sig frá eldri gróðri Mýrarhlutans.

## Dæmi um núverandi trjárækt



Brautir á Leirdalnum hafa þunna og óskilgreinda gróðurreiti.

## Framtíðar trjáreitir



Þéttur gróðurreitur með hlutverk og litafjölbreytni.

# Gróður - heildarútlit

Á Vífilstaðarhlutanum, þ.e. holum 1, 2 og 3 er fallegur mói í kringum teigana, há tré í dalnum og runnar og lægri gróður einkenna þessar holur. Vallarmörkin eru móinn með einstökum trjám og runnum.

Leirdalshlutinn þ.e. hola 4 er hæðótt, kargi, nokkrar furur. Á braut 5 til 7 er vallarmörk kargi og nokkrar plöntur á strjáli. Trjáreitir milli brauta eru nokkrir en ekki valdamiklir til að setja sterkan svip á brautirnar. Hér vantar svipað útlit og á vallarmörkum Vífilstaðahlutans til að tengja þessar holur betur inn í eitt samæmt útlit á 18 holum.

Holur 8-12 eru betur aðlagaðar að náttúrulegum gróðri og hafa fallegri vallarmörk þar sem runnar og tré eru þétt vaxin. Hér mætti þó draga úr beinum slátturlínunum og skörpum skilum milli brautar og gróðurs og umhverfi teiga gæti verið meiri mói eins og á fyrstu holunum.

Holur 13-18 á Vífilstaðahelmingnum eru síðan aftur með góð vallarmörk og náttúrulegt teigaumhverfi þó bæta þurfi við gróðri og móa á nokkrum stöðum til að samræma útlit á öllum teigum og brautum.



Einungis kargi sem vallarmörk og sleginn kargi við teiga.



Vallarmörk með móa og runnum. Teigaumhverfi með karga, steinum og móa

# Stígar

Til að forðast slitsvæði við enda stígs er mælt með að stígar fari ekki beina leið á braut og endi, heldur taki sveigju svo álag á og af stíg dreifist yfir stærra svæði, þá mætti einnig auðveldlega stika af svæði sé það að þynnast og beina umferð á betra svæði.

Stígar ættu ekki að vera minna en 2.5 metrar á breidd svo tveir golfbílar með breidd 1.20 m gætu mæst eða hleypt framúr án þess að fara af stíg. Stígar ættu einnig að þola breidd og þyngd véla sem vinna á golfvöllinum. Passa þarf að stígar fylgi umhverfinu og séu sem minnst í leik og sem minnst sjáanlegir. Oft þarf ekki mikið svo sem smá hól eða hærra gras til að fela stíga nokkuð vel. Stígakerfið á Leirdalsvöllinum er frá flöt að teig og er leyfð umferð á brautum, en allar þar 3 brautir ættu að hafa óbrotinn stíg meðfram brautinni til að minnka álag á brautunum sjálfum.

Snúningstorg vantar á botnlanga. Snúningshringur venjulegs EzGo golfbíls er 5,72 m, þess vegna er mælt með að öll snúningstorg á völlum við teiga sé amk. 6 metrar í þvermál.

## Dæmi um núverandi stíga



Beinn sýnilegur stígur með einum álagspunkti.



Dæmi um vel falinn stíg.



Dæmi um dreift álag á aðgengi

## Framtíðar stígar

# Skilti og bekkir

Eitt samræmt útlit ætti að vera á öllum bekkjum, skiltum, ruslafötum og teigmerkjum fyrir Leirdalinn sem styrkir þá heildarmynd sem golfarar fá af vellinum. Þetta einkenni gæti verið frábrugðið milli Leirdalsins og Mýrarinnar til gefa hverjum velli sitt eigið auðkenni.

Með fjórum teigum á braut ættu að vera tvö skilti og a.m.k. tveir bekkir á hverri braut. Eitt skilti sem þjónar hvíta og gula teig og það næsta við bláa teig sem nýtist þá einnig rauða teig. Við hvert teigskilti ætti að vera ruslafata. Bekkur gæti einnig verið við hvert skilti sé engin hættu af leik en þörf gæti verið á frístandandi bekk við hvern teig svo lengi sem hann er ekki í leiklínu.

Passa þarf staðsetningu á bekkjum svo leikmenn geta sest niður í öryggi meðan slegið er eða beðið. Þar sem töf myndast gjarnan, svo sem á þar 3 brautum mætti athuga að setja auka bekki fyrir holl sem bíða.



Gott er að hafa frístandandi bekki einnig.

Dæmi um snyrtilegt umhverfi fyrir skilti, bekk og ruslafötu fyrir hvert teigapar.

# Almennt álit

Skoðanakönnun meðal félaga GKG með 117 svör er hægt að þrengja niður í eftirfarandi athugasemdir:

Drenavandamál	– ræsa og drena brautir og glompur betur
Glompur	- blautar, betri sand og ósamræmi í leiktilfinningu
Flatir	- kúptar, taka illa við boltum, sig í eldri flötum
Tjarnir	– snyrta, stækka, nýta í dren
Teigar	– slétta og stækka, bil milli teiga
Rauðir teigar	– slétta, bil milli teiga, ruslafötur og bekkir
Göngustígar og bílaumferð	– bæta göngustíga, stígar í leik, slit í kringum stíga
Trjágróður	– bæta við trjágróðri

Sérstaklega oft er talað neikvætt um brautir 3 5 6 14 15 og Leirdalsflatirnar.

Skoðun afrekskylfinga beindist að mestu leyti að hvítir teigar væru of litlir, halla og glompur mætti fegra og bæta sandgæði.

Þá mætti einnig bæta við gróðri og stækka og laga flatir sem taka illa við boltum.

**Þannig að metnaðarfull framtíðarsýn með stórum góðum teigum, fallegu umhverfi og gróðri, betri glompum og sanngjarnari flatir ásamt velli sem drenar sig vel er það sem koma skal!**

# Framtíðarsýn

Yfirlitsteikning 1 af 2

Yfirlitsteikning 2 af 2


Hola 1 2 3 4 5 6 7 8 9

Hola 10 11 12 13 14 15 16 17 18

Höggæfingarsvæði

Stutta spilið

# Framtíðarsýn hluti 1 af 2





Snorri Design - Golf Course Architecture  
 Snorri Vilhjálmsson  
 Porsche Strasse 7, 4408 Steyr, Austria  
 Tel: +43 650 2276 999  
 www.golfcourse-design.com

**YFIRLITSTEIKNING 1 af 2**  
**Breytingar**

Skala  
**A1** (388 x 641 mm)  







Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar  
 Leirdalur - 18 Holu Keppnisvöllur  
 HÖNNUN: Snorri Vilhjálmsson • DAGS: Okt. 2015 • TEIKNING: 1405-807




# Framtíðarsýn hluti 2 af 2



<p>Snorri Design - Golf Course Architecture</p> <p>Snorri Vilhjálmsson Porsche Strasse 7, 4408 Steyr, Austria Tel: +43 650 2276 999 www.golfcourse-design.com</p>	<p>YFIRLITSTEIKNING 2 af 2</p> <p>Breytingar</p>	<p>Skala</p> <p>A1 (300 x 600 mm)</p>		<p>Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar</p> <p>Leirdalur - 18 Holu Keppnisvöllur</p> <p>HÖNNUN: Snorri Vilhjálmsson - DAGS. Okt. 2015 - TEIKNING: 1406-808</p>
---	--	---------------------------------------	--	--

# Hola 1 - 374 m - Par 4



## Teigar

Gróður fyrir aftan núverandi rauðan teig gera helming af bláum teig ónothæfan með því að minnka útsýni á braut enn meira. Taka þarf runna í burtu til opna útsýni betur. Mælt er með nýjum rauðum teig til að hafa 4 teiga á braut, dreift miðað við lengd brautar. Grjóthleðsla við hvíta, blán og rauðan teig.

Stærð teiga: 80, 180, 130, 150 m<sup>2</sup>. Fjarlægð frá rauða teig að braut : 17m.

## Útsýni

Það sést ekki í glompur og landingarsvæði en fallegt útsýni samt sem áður. Þarf að lækka miðju brautarinnar til að gera glompur og landingarsvæði sýnilegra.

## Leikáætlun

Halda bolta í leik og ekki missa útaf til hægri. Glompur vinstra megin í landingarsvæði sem hægt er að slá framhjá/yfir til að opna flötina.

## Braut

Vallarmörk ekki í leik. Hólar vinstra megin við braut í átt að flöt virka óreglulegir og tilgangslausir. Þá þarf að endurmóta til að fella glompu að landslagi og veita yfirborðsvatni skipulega í átt að niðurföllum. Slá þarf brautina með meiri karga og fylgja landslaginu í kring, ekki bein slátturlína sem fylgir beina stígnum við braut. Bílastæðafyllingu mætti móta aðeins meira tilviljanakennt svo hún virki náttúrulegri og láta háan karga vaxa þar ásamt gróðri.

# Hola 1 - 374 m - Par 4

## Glompur

Það sést ekki í vinstri brautarglompurnar, bara hrífur.

Sleppa fremstu glompu þar sem hún refsar bara stuttum höggum, þess í stað gera tvær valdameiri og fallegri glompur fyrir opunarholu vallarins sem ná aðeins inn á brautina.

Glompa hægra megin þjónar bara þeim tilgangi að grípa bolta áður en þeir fara út í móa og mögulega týnast.

## Vatnstorfærur

Engar á braut.

## Flöt

Þarf að laga, hún er farin að síga og heldur vatni. Nýta efnið í kring til að lyfta miðju og móta flötina betur inn í landslagið og taka hæðir inní flötina.

Forflöt einnig holótt og þarf að slétta og gera lágpunkt sem hægt er að dreina úr með undirborðsdreni í stóra rörið sem liggur gegnum holuna. Forflöt er hægt að dreina og móta með hólum vinstra megin sem mynda þá brautina en eru ekki tilviljunarkenndir hólar hingað og þangað.

## Dren

Frárenslisrör liggur í gegnum brautina við forflöt, það er hægt að nýta í brautardren.

Leggja þarf lágpunkta og niðurföll í karga og er þá hægt að dreina úr öllum glompum.

## Gróður

Tré fyrir núverandi bláu teigum þarf að fjarlægja og þess í stað gróðursetja runna og móa í kringum teigana til að fella þá að landslaginu í kring.

Auka mætti aðeins gróður vinstra megin við braut til að fela stíginn við brautina.

## Stígur


Fjarlægja mætti stíg milli teiga og holu og þess í stað sá karga að rauðum teigum.

Laga aðgengi að stíg í átt að holu 2. Sveigja hann til svo álag af aðgengi dreifist á stærra svæði.

## Staðsetning bekkja og skilta

Eitt skilti milli hvíta og gula teigs. Annað skilti við bláan teig.

# Hola 2 - 193 m - Par 3



## Teigar

Til að samræmast holulengd frá hvítum teigum koma nýir gulir teigar. Bláir teigar færast þá á fyrrverandi gula og rauði heldur sér en ætti í raun að vera aftar. Tröppur minnka möguleika á álagsdreifingu en aðgengi að bláum teig mætti vera að aftan beint af stíg sem dregur úr nauðsyn á tröppum. Grjóthleðsla einkennir einnig teigana með hleðslu á gulum og bláum teigum. Hvítur og rauður teigur stækka. Stærð teiga: 80, 180, 130, 150 m<sup>2</sup>. Fjarlægð frá rauða teig að braut : 50m.

## Útsýni

Mjög gott þar sem teigar eru 4 til 9 metrum hærrí en flöt.

## Leikáætlun

Flötin lokuð að framan hægra megin með endurmótaðri glompu, önnur glompa tekur við löngum höggum vinstra megin meðan brautin leyfir einnig stutt högg fyrir framan flötina.

## Braut

Verður slegin nær rauða teignum til að minnka lengd á slegið svæði af teig.

# Hola 2 - 193 m - Par 3

## Glompur

Báðar glompur halda sér í staðsetningu en laga þarf útlínur á stóru vinstri glompunni með því að laga hólana fyrir aftan hana, nota þá sem bak og form í glompuna sjálfa með því skera hana aðeins upp í hólana. Hægri glompuna þarf aðeins að endurmóta til að fá laufлага form í hana svo hún verji flötina aðeins betur

## Vatnstorfærur

Engar á braut.

## Flöt

Vinstri kantur ætti að fylgja nýmótaðari glompu sem myndar smá hól inní flötina.

Styrkja þarf bakið á 16 flöt sem myndar einnig bakhluta á 2 flötinni. Endurmótaðar glompur mynda landslag sem nær inní flötina og myndar skemmtilegri brot og útlínur á henni.

## Dren

Glompurnar tvær má drena í aðalögnina sem liggur eftir brautinni í fyrstu braut.

## Gróður

Vinstra megin er vel vaxin gróður og þykkir trjáreitir. Ekki er brýn þörf á að gróðursetja við þessa holu.

## Stígur


Hækka þarf aðeins karga vinstra megin við stíg til að fela hann betur, nota uppgröft til að gera góða náttúrulega hóla í kringum stíg og fela hann.

Hækka mætti einnig alla karga fyrir ofan braut í átt að þriðju teigum til að fela stíg.

## Staðsetning bekkja og skilta

Fyrir aftan gula teig og við hliðin á rauða teig eru bekkir og skilti úr leik og kylfingar ekki í hættu.

# Hola 3 - 467 m - Par 5



## Teigar

Hvíti teigur stækkar og gróður í kringum hann hreinsaður. Guli teigurinn færist austur fyrir stíg og þar með lengra fá högglínu 16 holu. Blár færist á rauðan og nýr rauður teigur verður mótaður hægra megin við stíg. Staðsetning teigana miðað við 7% regluna og lengd holunar.

Stærð teiga: 70, 180, 130, 150 m<sup>2</sup>. Fjarlægð frá rauða teig að braut : 26m.

## Útsýni

Er gott af teigum enda hátt yfir brautinni.

Núverandi seinni brautarglomba er ekki sýnileg af fyrsta landingarsvæði. Flötin sjálf verður einnig ekki sýnileg fyrir lengri innáhögg þar sem hún situr hátt yfir seinna landingarsvæði.

## Leikáætlun

Skurður er í 280 metra fjarlægð frá hvítum og 250 metrum frá gulum svo hann er ekki í leik af teig. Brautarglompur verða vinstra megin til að stýra leik meira til austurs fjær 16 holunni.

Brautarglomba sker svo brautina á seinna landingarsvæði svo kylfingur þarf að ákveða hvort spilað er styttra högg og svo yfir hana eða reynt er við forflötina/flötina.

# Hola 3 - 467 m - Par 5

## Braut

Fyrri hluti brautar er mjög illa á sig kominn og þarf að endurmóta. Brautina mætti flytja aðeins meira austur og nýta landslagið í skemmtilegra form á braut og brautarslætti. Nýir hólar vinstra megin sem mynda glompurnar munu einnig ramma inn brautina betur og mynda hæðir og drenalægðir.

## Glompur

Fyrri brautarglompu þarf að endurgera, færa aðeins austur og skipta upp í 2 laufлага glompur. Seinni brautarglompunni ætti að sleppa þar sem hún þjónar engum tilgangi nema refsastuttum höggum. Ný glompa í lægðina fyrir framan flötina myndi ramma inn flatarumhverfið og gera það mun ógnvænlegra þó leikur muni léttast þar sem boltar tynast ekki lengur í kjarrinu sem var.

## Vatnstorfærur

Skurður hefur þegar verið tekin í gegn með grjóthleðslu. Bæta mætti við annari brú til að dreifa álagi yfir skurðinn og minnka slitskemmdir á braut við brú.

## Flöt

Flötin er farin að síga að framan og þykir einnig taka illa við boltum. Flötina má lækka til að hægt sé að endurmóta hana betur í umhverfið, styrkja bakið á henni og um leið slétta úr forflöt og stækka.

## Dren

Sé fyrri hluti brautar endurmótaður má gera drenalægðir í brautina milli hæða og leiða vatn í lágpunkt sem er drenaður með röri í vatnsfarveg.

Allar glompur mætti einnig drena í vatnsfarveginn.

## Gróður

Með því að færa braut austur kemur landslagið og gróður við brautina meira í leik. Fjarlægja þarf einungis gróður við teigana sem trufla golfhögg. Ekki er brýn þörf á að bæta við gróðri á brautina en fyrir aftan endurmótaða flöt þarf að bæta við kjarri sem tengir landslagið í kring umhverfis flötina og felur stíginn.


## Stígur

Athuga þarf aðgengi á núverandi rauðan teig (fram tíðar blár teigur). Lengja þarf svo stíg meðfram teigum að brautinni þar sem hann sveigir frá til að dreifa álagi af stíg.

## Staðsetning bekkja og skilta

Við gula teig og við bláa teig. Kylfingar af hvíta teig þurfa að labba að gula teig til að skoða skiltið.

# Hola 4 - 129 m - Par 3



## Teigar

Nýir teigar suð-austur ef mögulegt er í hæðinni. Lengir ekki brautina en færir meira form í teigana og eykur útsýni af þeim á flötina. Vegna stærðar eru hvítir og gulir saman á palli með 50cm hæðarmun á bláan sem aftur er 1 metra hærrí en rauði. Stærð teiga: 255, 120, 150 m<sup>2</sup>. Fjarlægð frá rauða teig að braut : 33m.

## Útsýni

Verður gott af nýjum teigum í hæðinni.

## Leikáætlun

Ný flöt verður með vatnstorfæru hægra megin og einni lítilli glompu vinstra megin. Hátt inná högg er nauðsynlegt ef pinni er hægra megin en rúlla má bolta sé hann vinstra megin. Höggstyttri geta einnig spilað eftir braut inn á flöt.

## Braut

Verður slegin milli hæðar til vinstri og gróðurs til hægri.

Hæðir verða mótaðar til að fela stíg, móta braut og yfirborðsdrena braut í tjörn.

Kargi má vera hár við stíg, sérstaklega á þeim svæðum sem ekki eru í leik, svo sem nálægt teigum.



# Hola 4 - 129 m - Par 3

## Glompur

Hægri glompa verður fjarlægð og í staðinn stækkað tjörnin.  
Vinstri glompa verður færð ofar og mótar flötina án þess að loka á hana.

## Vatnstorfærur

Allar tjarnir í Leirdalnum verða stækkaðar til að taka betur við regnvatni sem er veitt inná völlinn. Betri tjarnir og skipulagt drenakerfi eykur einnig gæði brautana.

Tjörnin við holu 4 verður stækkuð og nýtt í herkænsku á brautinni. Yfirfallinu verður stjórnað til að halda jöfnu vatnsyfirborði. Yfirfallsvatn fer eftir fallegum steinilögðum nýmótuðum vatnsfarvegi út fyrir vallarmörk. Þar ætti einnig að móta fallega tjörn þar sem vatn situr alltaf í lægðinni.

## Flöt

Endurmótuð og sett í rétta hæð miðað við tjörn. Bakið mótað með vinstri glompu sem tekur vel við innáhöggum með lítilli hæð hægra megin svo öll flöt vísi ekki að tjörn.

## Dren

Yfirborðsdren á braut vísar að tjörn. Hægt er að stjórna vatnshæð tjarnarinnar og jafnvel tæma.

## Gróður

Bæta í gróður hægra megin við braut milli 4. og 12. brautar. Kjarr og móa vantar vinstra megin svo tilfinning sé fyrir vallarmörkum og tengingu vallarins við umhverfið.


## Stígur

Þarf að sveigja að nýjum teigum og endurgera brú yfir vatnsfarveg.

## Staðsetning bekkja og skilta

Eitt skilti dugar fyrir alla teiga við gula teiginn, bekkir ættu ekki að trufla leiklínu af teigum.

# Hola 5 - 356 m - Par 4



## Teigar

Teigar færast örlítið fram miðað við hvíta teiginn. Nýr rauður teigur kemur þar sem blár færist á gamla rauða teiginn. Stærri tjörn mótar teigana og umhverfi. Stærð teiga: 80, 180, 130, 150 m<sup>2</sup>. Fjarlægð frá rauða teig að braut : 30m.

## Útsýni

Er ágætt af teig en trjágróður hægra megin lokar aðeins á útsýni á flöt og vísar sjónlínu beint áfram en ekki til hægri að flöt. Ekki sést í tjörnina hægra megin við landingarsvæðið. Þetta mætti laga með endurmótaðri braut, stærri tjörn og endurskoðaðri staðsetningu á gróðri.

## Leikáætlun

Spila frekar stuttum bolta þar sem glompa vinstra megin og tjörn hægra megin við landingarsvæðið gera upphafshöggíð strembið. Sé spilað hægra megin sem næst tjörninni opnast flötin sem er varinn með glompu fyrir framan flötina vinstra megin og annari hægra megin við flöt sem tekur við boltum ekki eru rétt slegnir inná. Stærri tjörn hægra megin og rétt staðsettur gróður ásamt brotum í flöt og lágpunktum við flöt dregur úr högguleik yfir á 12. braut og þaðan á flöt.

# Hola 5 - 356 m - Par 4

## Braut

Er með halla frá hægri til vinstri og þar af leiðandi frá vatnsfarvegi og yfirborðsdrenar því ekki vel. Einnig er núverandi braut hæðótt þvert á braut eins og hraðahindranir sem móta ekki brautina né aðstoða við að dreina hana. Móta þarf hæðir og lægðir út frá vatnsfarvegi svo hún geti dreinað sig til hægri og brautin römmuð inn milli lágra hóla.

## Glompur

Brautarglomba er sýnileg en mætti móta aðeins betur upp í hæðina fyrir aftan svo hún verði með enn sýnilegri bakka vinstra megin. Móta þarf flatarglompur í meiri lauflaga form, sem endurspeglar umhverfið og móta einnig flötina.

## Vatnstorfærur

Lækka þarf brautina og stækka tjörnina hægra megin svo hún verði sýnileg af teig og verði meiri hluti af leikskipulagi holunnar. Seinni tjörnin, vinstra megin, verður einnig stækkuð og með vatni. Hún myndar þá beygjuna í brautina og styrkir hundslöppina til hægri.

## Flöt

Situr við brekku sem er með sama halla allan hálfhringinn. Það vantar tengingu við hæðina með tungum inn í flötina og sjáanlegum lágpunktum sem hægt er að dreina úr. Hæðir og hreyfing í brekkunni gæti byrjað frá 11. flöt og náð niður á 5. flötina. Lágpunktur vinstra megin lætur flötina taka betur við boltum af 5 brautinni og dregur úr spilamennsku yfir á 12 brautina og þaðan á flöt.

## Dren

Laga þarf neikvæða halla á braut frá vatnsfarvegi og tjörnum. Ný mótun á braut gæti verið nóg til þess að yfirborðsdreina út í tjarnir. Brautardren gæti verið nauðsynlegt við forflöt ef halli er ekki nægur. Hægt er að dreina úr öllum glompum og lágpunktum við flötina út í vatnsfarveg.

## Gróður

Draga úr gróðri hægra megin við tjörnina svo flötin verði sjáanlegri, þess í stað styrkja gróður vinstra megin við flöt. Gróðursetja mætti einnig vinstra megin við braut til að ramma hana betur inn og fela umhverfi. Gróðursetja þarf svo hægra megin fyrir aftan tjörnina til að fæla frá að slegið sé á 12 braut og spilað þaðan á flötina.


## Stígur

Er of beinn inná braut og þarf að lengja útaf rauða teig og þá mætti mynda smá sveig á hann til að dreifa álagi af stígnum.

## Staðsetning bekkja og skilta

Eitt skilti fyrir framan gulan teiginn og annað skilti milli bláa og rauða teigs, vinstra megin við stíg svo það sé fjær högglinu af aftari teigum.

# Hola 6 - 369 m - Par 4



## Teigar

Hvítur og gulur halda sér en nýr rauður teigur kemur fremst. Hann mun sitja aðeins framar en 7% reglan segir til um þar sem blái ætti að vera á stígnum. Þetta er ekki vandamál. Öftustu teigana mætti lækka niður og losna við óþörfu brekkuna upp á þá þar sem aukin hæð bætir ekki útsýni á þessari braut. Bláan teig mætti hinsvega hækka örlítið og nýi rauði kæmi í hæðina vinstra megin og fengi þaðan gott útsýni.

Stærð teiga: 80, 180, 130, 150 m<sup>2</sup>. Fjarlægð frá rauða teig að braut : 26m.

## Útsýni

Öftustu teigar eru mjög hátt uppi miðað við umhverfi en útsýni er engu að síður ekkert af þeim. Núverandi rauði teigur er þvert á mótí í lægsta punkti brautarinnar. Það mætti lækka öftustu teigana og endurmóta braut til að gera hana sýnilegri af öllum teigum. Flöt verður væntanlega ekki sýnileg en lendingarsvæðið og tilfinning fyrir legu brautarinnar mun bætast við endurmótun á teigum og braut.

## Leikáætlun

Núverandi brautarglompa er örlítið of langt í burtu til að hægt sé að slá yfir hana. Auk þess er bakið á henni hátt í höggstefnu. Sé hún löguð til og færð örlítið myndast möguleiki að búa til leiklínu yfir glompuna fyrir högglangri kylfinga. Flötin er hins vegar erfiðari með aðkomu vinstra megin, svo lengri leiðin hægra megin opnar flötina.

# Hola 6 - 369 m - Par 4

## Braut

Þarf að endurmóta algjörlega til að hún dreni sig í átt að vatnsfarvegi. Auk þess er hún blind og sést hvorki flöt né landingarsvæði af teig. Með endurmótun og betri brautar glompum gæti brautin orðið að skemmtilegri hundslöpp með möguleika á að stytta sér leið.

Varnargarður og vallarmörk vinstra megin mætti í leiðinni færa í fallegra form með meiri sveigjum og móta um leið vatnsfarveginn lengst vinstra megin svo hann verði ekki eins og beinn skurður heldur fengi frjálslægri náttúrulegt form.

## Glompur

Brautarglomba vinstra megin verður endurmótuð í tvær glompur og færð örlítið um stað. Núverandi glompur eru einnig með hátt bak í leikstefnu, þetta þarf að laga þannig glompurnar leyfi lágt högg upp úr þeim. Flatarglompur mega vera dýpri og snúa í átt að flöt þar sem þörf er á styttra höggi og meiri flái er á kylfunni. Brautarglomba hægra megin er meira til að mynda brautina og ramma inn hundslöppina auk þess að vísa sjónlínu meira vinstra megin í átt að flötinni frá teigunum. Flatarglompur þarf að styrkja með baki frá flötinni til að gera þær sjáanlegri og með skemmtilegra lauf form. Núverandi aftari glompan er ekki sýnileg frá braut og þarf að endurmóta með hæð að aftan sem bæði myndar glompuna og teygir sig inní flötina sjálfa.

## Vatnstorfætur

Tjörnin milli 6. og 10. brautar kemur ekki beint í leik en gæti tekið við illa slegnum bolta á 6. braut. Vatnsfarvegur er hindrun í sjálfu sér en mætti móta í skemmtilegri S-form sem aftur mótaði brautina, hæðir og lægðir.

## Flöt

Laga þarf flatarglompur og taka smá landslag inn í flötina sjálfa sem myndi gera hana móttækilegri fyrir boltum þar sem hún hallar aðeins of mikið til hliðar frá leiklínu.

## Dren

Braut drenar sig illa og situr vatn í henni eins og svampur enda vantar allt landslag í hana til að dreina sig í átt að tjörnum og vatnsfarvegi. Endurmótun á braut myndi styrkja yfirborðsdren af henni auk þess mætti setja brautardren á landingarsvæði og forflöt með útrennsli í tjörnum og vatnsfarvegi milli brauta. Flatarglompur mætti dreina í aðalögn sem liggur í átt að tjörn.

## Gróður

Styrkja mætti gróðurinn vinstra megin við braut til að fela umhverfi og götu. Lágan gróður, kjarr og móa þarf í kringum teigana til að gera þá svipaða öðrum teigum á vellinum. Ekki er nauðsyn að fela né styrkja aðra þætti á brautinni með gróðri.


## Stígur

Þarf að lengja meðfram bláum og rauðum teig, mynda svo sveig fyrir framan brautina til að dreifa álagi af stígnum.

## Staðsetning bekkja og skilta

Eitt skilti milli hvíta og gula teigs. Annað skilti eftir gatnamót hægra megin við stíg svo það sé sem fjærst högglínu af aftari teigum.

# Hola 7 - 512 m - Par 5



## Teigar

Fjarlægð á teigum þarf að miðað við hvítan teig og heildarlengd á brautinni, þess vegna er mælt með að dreifa 3 nýjum teigum sem samræmast lengd holunnar. Hvíti stækkar örlítið og nýr gulur teigur færast framur. Blár verður hinum megin við vatnsfarveg og nýr rauður hægra megin við byrjun brautar.

Stærð teiga: 80, 180, 130, 150 m<sup>2</sup>. Fjarlægð frá rauða teig að braut : 16m.

## Útsýni

Er gott af núverandi teigum og munu framtíðarteigar hafa svipaða hæð og þar af leiðandi sama góða útsýni yfir alla brautina.

## Leikáætlun

Þessi langa braut býður ekki upp á mikla hættu af teigunum nema brautarglomu hægra megin. Tjörnin kemur frekar í leik fyrir þá höggstyttri sem þurfa fleiri en 3 högg á flötina, er hún þá að refsa ákveðnum hópi kylfinga meira en öðrum en þessu verður ekki breytt þar sem tjörnin heldur sér í staðsetningu en mætti stækka hana aðeins við veginn til að taka við meira rigningarvatni. Flötin er varin að framan með tveim glompum svo hér gengur leikur meira út á að komast á flötina í réttum höggum og staðsetja sig sem best á seinna landingarsvæði miðað við hvar holan er staðsett þann daginn.

# Hola 7 - 512 m - Par 5

## Braut

Slá mætti meiri S-laga form í byrjun brautar til að fá meiri hreyfingu í annars flatt landslag. Brautarglompuna mætti móta með landslagshreyfingum frá endurmótaðri 9. braut.

## Glompur

Hægri brautarglompu þarf að snyrta til og gera valdameiri í útliti án þess að draga úr möguleikum á að slá úr henni í leikstefnu.

## Vatnstorfærur

Tjörn til vinstri í miðri braut gerir þetta að fallettri par 5 braut. Tjörnina mætti stækka örlítið til að taka betur við regnvatni sem er veitt í hana.

## Flöt

Færa mætti smá líf í flötina með því að taka tungurnar sem móta glompurnar inní flötina. Aðrar tungur úr brekkunni í kring mætti einnig taka inn í flötina með lágpunktum sem drengjað væri úr.

## Dren

Lágpunkt vantar við bláan teig, úr honum er hægt að drengja í vatnsfarveginn. Fyrri hluti brautarinnar sjálfur drenar ágætlega en drengja ætti úr fyrstu brautarglompunni, þá drengjalögn mætti nýta í brautardren sé þess þörf. Seinni hluti brautar fyrir aftan stíg mætti einnig brautardrengja í drengjalagnir frá glompum og lágpunktum í kringum flötina. Hægt er að drengja í tjörnina.

## Gróður

Gróður meðfram teigum er sá eini með spón, til að samræma útlit á vellinum mætti sleppa honum hér og þess í stað setja lágt kjarr og móta til að samræma útlit á teigum og minnka grasvæði umhverfis teiga.

Grisja þarf gróður fyrir aftan flöt til að fá meiri hreyfingu á loftið.


## Stígur

Stíg þarf að lengja til að ná að nýjum rauðum teigum þar sem hann sveigir milli teigs og brautar.

## Staðsetning bekkja og skilta

Eitt skilti fyrir aftan gulan teig, kylfingar af hvítum þurfa að labba aðeins fram og til baka til að skoða skiltið. Næsta skilti milli bláa og rauða teigs, hægra megi við stíg.

# Hola 8 - 325 m - Par 4



## Teigar

Teigar halda sér nokkurn vegin í staðsetningu nema blár færir á rauðan og nýr rauður kemur, byggt á 7% reglunni.

Stærð teiga: 80, 180, 130, 150 m<sup>2</sup>. Fjarlægð á braut af rauðum teig : 20m.

## Útsýni

Er gott af teigum.

## Leikáætlun

Ný leikáætlun byggist á að færa leik fjær vallarmörkum og húsum vinstra megin með því að bæta við glompum vinstra megin við landingarsvæðið. Sé spilað vinstra megin og áhættan tekin við glompurnar styttist höggið inná flötina. Fyrri brautarglompa hægra megin verður fjarlægð en seinni heldur sér þótt hún sé í flestum tilfellum of langt í burtu fyrir upphafshögg en virkar sem miðunarglompa af teig.

## Braut

Mætti slá í aðeins meiri S-form til að fá landslag í annars flata og ómerkilega braut. Vallarmörk þarf að færa aðeins útaf nýjum glompum en ætti ekki að veikja öryggi íbúa við brautina. Hækka mætti karga við fyrri hluta brautar og í kringum teiga þar sem ekki er mikið um leik til að fegra brautina og fá herra liðandi gras. Kargi fyrir aftan brautarglompur mætti einnig vera hærri. Laga þarf einnig hólana 100m frá flöt og gera þá náttúrulegri.



# Hola 8 - 325 m - Par 4

## Glompur

Fyrri brautarglompa hægra megin hverfur þar sem hún hvetur leik frekar til vinstri í átt að húsum og vallarmörkum. Seinni glompan verður endurmótuð og betur sýnileg af teig svo hún virkar sem miðunarglompa. Tvær nýjar glompur í kargann vinstra megin við lendingarsvæðið rammar inn brautina og gerir nýja áhugaverðari leikáætlun af teig. Flatarglompur halda staðsetningu en verða endurmótaðar í laufлага form og láttnar vísa að flötinni, ekki frá henni. Landslagið í kringum þær myndar einnig brotin í flötina.

## Vatnstorfærur

Engar á braut.

## Flöt

Þarf að stækka aðeins að framan. Hæðirnar í kring mætti nýta betur í að forma flötina, gróður og sláttur í brekkunni fyrir aftan flöt er einnig mjög eintóna og mætti gróðursetja og slá meiri náttúrulegri, mýkri línur svo flötin virki betur sem hluti af umhverfinu.

## Dren

Drenakerfi af 8.braut tekur við öllum glompum, auk þess að taka lágpunkta og glompur af 9. Braut. Ekki er mikil þörf á frekari brautardreni.

## Gróður

Er frekar formlegur með beinum línur, hér mætti gróðursetja í kringum flötina og brjóta upp beinar línur með óformlegum mjúkum línur. Bæta þarf gróðri umhverfis flötina og teigana til að tengja þá betur umhverfinu.


## Stígur

Þarf að lengja meðfram teigum og enda í sveig við braut. Stígur í átt að 9. braut þarf að sveigja til að auka möguleika á álagsdreifingu á stíg.

## Staðsetning bekkja og skilta

Eitt skilti milli hvíta og gula teigs, passa þarf að það sé ekki fyrir leiklínu af hvítum, seinna skiltið milli bláa og rauða vinstra megin við teiga, sem fjærst frá högglínu af aftari teigum.

# Hola 9 - 165 m - Par 3



## Teigar

Til að fá 4 teiga þarf að stækka gula örlítið til suðurs og bæta við bláum fyrir framan, mælt er með að hafa 2 teiga til að fá ekki einn of stóran flöt fyrir báða teigana. Milli teigana ætti að vera hæðarmismunur og kargi. Töluverð fjarlægð er að braut frá rauðum miðað við aðrar brautir.

Stærð teiga: 80, 180, 130, 150 m<sup>2</sup>. Fjarlægð á braut af rauðum teig : 65m.

## Útsýni

Núverandi flöt er hæsti punktur á brautinni, með ekkert bak og virkar eins og skíðastökkpallur. Hægt er að lækka flötina töluvert án þess að missa gott útsýni þar sem teigar eru allt að 6 metra hærrí en flöt.

## Leikáætlun

Par 3 braut þar sem þörf er á nákvæmu inná höggi. Flötin mjó og löng og varin með glompum á báðum hliðum.

## Braut

Það þarf að lækka alla brautina ásamt flöt. Hægt er að lækka hana frá stígnum markvisst frá suðri til norðurs. Flötina þarf að endurmóta með því að bæta við baki í hana sem tekur við boltum. Flötin þarf ekki endilega að halla að kylfingi þar sem inná högg eru háir boltar og er hægt að láta hana yfirborðsdrena sig með hliðarhalla til vesturs.

# Hola 9 - 165 m - Par 3

## Glompur

Fækkað í tvær glompur ein hvoru megin við flötina. Ekki er þörf á glompum fyrir framan flöt, þar ætti frekar að vera niðurfali til að taka við vatni frá landslaginu vinstra megin við braut.

## Vatnstorfærur

Engar á braut.

## Flöt

Lækkar um nokkra metra, efnið kemur aftan að flötinni og myndar bak sem veitir kylfingi öryggi af teig. Hún mun þá falla betur að umhverfinu og taka betur við boltum. Hæðir að aftan og endurmótaðar glompur mynda þá tungur inni flötina sem mynda skemmtileg og krefjandi brot og miskrefjandi holustaðsetningar.

## Dren

Drenakerfið frá 8.braut liggur einnig í gegnum 9.braut og tekur við niðurföllunum í lágpunktum og glompum. Flötin drenar sig til suðurs og til vesturs.

## Gróður

Halda þarf gróðri í skefjum við flötina svo ekki þarf að leita lengi að illa slegnum bolta. Halda ætti einnig gróðri milli teigs og brautar en hann þarf að snyrta svo gróðurinn trufli ekki leik af teig.


## Stígur

Allar brautir hafa „frá flöt til teigs“ stígakerfi en þar 3 brautir ættu að hafa óbrotinn stíg til að forða að bílar fari á brautina. Þess vegna þarf að framlengja stíginn frá 9. teignum alveg að 10. teignum.

## Staðsetning bekkja og skilta

Hér ætti að vera nóg að hafa eitt skilti fyrir alla teiga. Endanleg lengd brautar og kylfuval fer eftir holustaðsetningu og teigmerkjum hvers dags.

# Hola 10 - 397 m - Par 4



## Teigar

Nýr rauður teigur og blár færir á gamla rauða teiginn. Laga mætti umhverfi hvíta teigs svo hann sé ekki eins keilulaga heldur hafi mismunandi halla af sér og tengist betur umhverfinu.

Stærð teiga: 80, 180, 130, 150 m<sup>2</sup>. Fjarlægð á braut af rauðum teig : 21m.

## Útsýni

Flöt vel sýnileg af teigum en miðhluti brautar ásamt glompum í landingarsvæði sjást ekki af teig.

Glompa hægra megin sést vel en er of langt í hana af teig. Virkar sem miðunarglompa.

## Leikáætlun

Glompur verða fjarlægðar af fyrri hluta brautarinnar þar sem þær sjást hvort eð er ekki eða hafa ekki mikið með leikskipulag að gera. Landingarsvæði opið en stærri tjörn verður mjög sýnileg og kemur í leik í öðru höggi í átt að flöt sem er vel varin með glompu að framan og stórri glompu hægra megin sem gerir efri hluta flatarinnar að erfiðri holustaðsetningu.

# Hola 10 - 397 m - Par 4

## **Braut**

Með stærri tjörn myndast líflegra form í brautina og með nýjum slætti mætti gera skemmtilegt S-form í brautina

## **Glompur**

Brautarglompur hverfa, ný flöt með tveim nýjum glompum kemur.

## **Vatnstorfærur**

Til að taka betur við vetrarleysingum verður tjörnin stækkuð sem hluti af flæðasvæði vallarins. Hún teygir sig þá inní brautina og myndar líflegri og skemmtilegri form í brautina án þess að vera of hættuleg þar sem hún er milli lendingarsvæðis og flatar.

## **Flöt**

Ný flöt færast norðar til að vera fyrir aftan tjörnina í leiklínu. Fæst þá meira pláss til að móta hana og auka öryggi og leiksvæði milli flatar og næsta teigs. Flötin verður erfið viðureignar með grófum útlínunum og vel varin með glompum.

## **Dren**

Braut þykir ekki drena sig illa og er ekki þörf á auka brautardreni en slíkt mætti auðveldlega leggja og drena í vatnsfarveginn. Yfirborðsdren af braut ætti að vísa í tjörnina með því að dælda aðeins inn í brautina og auka á halla í átt að tjörn. Flatarglompur ætti að drena til norðurs í vatnsfarveginn.

## **Gróður**

Hækka mætti kargann í átt að 6. flöt þar sem það stóra svæði er lítið í leik, hér mætti hátt villt gras vaxa án þess að trufla. Til að fegra flötina mætti gróðursetja fyrir aftan flötina. Við vallarmörk hægra megin og kringum teiga vantar lágan gróður og tengingu við umhverfið.


## **Stígur**

Lengja þarf teigstíginn svo hann nái framhjá öllum teigum og að braut þar sem hann sveigir frá henni. Bæta þarf einnig í stíginn af flötinni til að fá meiri sveig og álagsdreifingu.

## **Staðsetning bekkja og skilta**

Eitt skilti fyrir aftan gulan teig fyrir öftustu tvo teigana. Annað skilti fyrir aftan rauðan teig fyrir tvo fremri teigana.

# Hola 11 - 136 m - Par 3



## Teigar

Teigana þarf að stækka til að ná að dreifa álagi betur yfir grasfletina. Þá mætti einnig byggja upp með eins metra hæðarmismun, láta þá snúa með landinu og leyfa háum karga að vaxa þar sem ekki er gönguleið á teigana. Það myndi láta þá falla betur að umhverfinu og verða hluti af landslaginu.

Stærð teiga: 80, 180, 250 m<sup>2</sup>. Fjarlægð af rauðum teig á braut : 34m.

## Útsýni

Útsýni er frábært af teigunum yfir Kópavoginn að sjóndeildarhringnum. Flötin og braut eru mun lægra en teigar og því vel sýnileg.

## Leikáætlun

Ný flöt verður vel varin að framan með stórrí glompu sem hylur hægri helming. Tjörnina þarf að stækka svo hún virki sem hluti af flatarumhverfi og tekur við illa hittum boltum til hægri.

## Braut

þarf að lækka og láta yfirborðsdrena sig í átt að tjörninni.

# Hola 11 - 136 m - Par 3

## Glompur

Glompunni að aftan mætti sleppa þar sem næg refsing er að þurfa slá til baka sé slegið yfir flötina. Flatarglompan til hægri stækkar og ver flötina meðan glompan vinstra megin mótar flötina og veitir jafnvægi á móti tjörninni til hægri.

## Vatnstorfærur

Tjörnina þarf að stækka til að taka betur á móti regnvatni. Hana mætti þá nýta í flatarumhverfið og móta flötina að hluta.

## Flöt

Lækkar öll niður um nokkra metra og fær þar af leiðandi bak og tekur betur við boltum. Með því að móta hana með landslaginu í kringum glompurnar gæti hún drenað sig að hluta til að aftan en að mestu að framan í átt að lágpunkt í brautinni. Allar hæðir sem verða myndaðar móta flötina og halda áfram niður brekkuna og móta einnig skemmtilegri form í brekkuna við 5. flöt.

## Dren

Brautin yfirborðdrenar sig að mestu leyti til austurs í átt að tjörninni en einnig er þörf á lágpunkti með niðurfalli vinstra megin í braut til að drena brautina og einnig fyrir flötina. Hægri glompu má drena beint í tjörn en vinstri glompa þarf að drena í átt að 5. flöt liggja hún lægra en niðurfallið á braut.

## Gróður

Laga þarf beinu línurnar í gróðrinum og gróðursetja þannig að mýkri náttúrulegri form séu meðfram brautinni. Til hliðar og fyrir aftan brautina geta komið hærri tré sem ramma inn brautina, á móti kemur lægri gróður í kringum teigana og í átt að braut til að fella hana betur að landslaginu í kring og minnka grassvæði í kringum teiga svo þeir falli að heildarsýn teigumhverfis.


## Stígur

Er í lagi.

## Staðsetning bekkja og skilta

Eitt skilti er nóg fyrir alla teigana staðsett við stíginn fyrir neðan þá.

# Hola 12 - 495 m - Par 5



## Teigar

Stækka þarf hvíta teiginn í 80 m<sup>2</sup> auk þess að bæta við snúningstorgi fyrir golfbíla.

Annars eru teigarnir mjög vel dreifðir miðað við lengd brautar eftir að hvíti var færður á núverandi stað og hver litur, gulur, blár og rauður fékk sinn eigin teig.

Stærð teiga 80, 180, 130, 50 m<sup>2</sup>. Fjarlægð af rauðum teig á braut: 31 m.

## Útsýni

Af öllum teigum er gott útsýni yfir brautina en flötin sést ekki þar sem brautin beygir bakvið hæð og gróður. Glompur sjást vel svo auðvelt er að ímynda sér hvernig brautin liggur.

## Leikáætlun

Glompur verða færðar hægra megin á braut. Sé tekin áhætta og leikið nálægt þeim opnast flötin og innákomu að henni. Sé leikið vinstra megin eða öruggt minnkar möguleikinn á að reyna við flötina í 2 höggum. Seinna landingarsvæði er varið með glompum vinstra megin sem verja flötina frá löngum höggum yfir kargann. Flötin sjálf er löng og mjó og tekur best við höggum sem leikin eru skynsamlega á mitt seinna landingarsvæðið.



# Hola 12 - 495 m - Par 5

## **Braut**

Slá mætti aðeins meiri S-form í brautina til að fá líf í hana. Nýjar glompur vinstra megin mynda einnig meira landslag í brautina.

## **Glompur**

Brautarglompurnar tvær vinstra megin við fyrra landingarsvæði verðar færðar hægra megin til að auka við herkænsku brautarinnar. Aðrar glompur þarf að laga í meiri lauflega form og styrkja bak og umhverfi þeirra. Flatarglompur ættu einnig að mynda flatarumhverfi og landslag þeirra að ná inni flötina.

## **Vatnstorfærur**

Engar á braut

## **Flöt**

Lengja þarf flötina til að fá góða stærð en ekki er hægt að breikka hana vegna stígs og umhverfis. Hóla og lægðir í kring þarf að styrkja og taka inn í flötina til að mynda brot í henni og tengja betur við umhverfið.

## **Dren**

Brautarglompur og miðhluta brautar er hægt að drena í vatnsfarveginn. Seinni hluti brautar ásamt glompunumdrenar sig í tjarnirnar.

## **Gróður**

Styrkja mætti gróðurinn við teigana auk þess að bæta við gróðri milli 12. og 5.brautar til að draga úr leik frá 5. yfir á 12. braut.

## **Stígur**


Lengja þarf stíg fram yfir teiga og láta hann ná að braut þar sem hann sveigir frá til að dreifa álagi.

Stígurinn við flötina þarf einnig að lengjast til að dreifa álagspunktum inná stíginn.

## **Staðsetning bekkja og skilta**

Fyrra skiltið við gatnamótin áður en komið er að gula teig. Seinna skiltið milli bláa og rauða, vegna hæðarmismunar milli teiga ætti það ekki að vera fyrir en þetta þarf að athuga.

# Hola 13 - 150 m - Par 3



## Teigar

Stækka mætti hvíta teiginn aftar til að fá auka lengd í holuna og þar með hafa betri dreifingu á lengd par 3 brauta. Hvíti, guli og blái teigur verða samsettir en rauði frístandandi.

Allir teigar dreifast rétt samkvæmt lengd holunnar.

Stærð teiga 250, 150 m<sup>2</sup>. Fjarlægð af rauðum teig á braut: 52m.

## Útsýni

Stígurinn vinstra megin tekur augað af flötinni, sé hann lækkaður og hafður hærri kargi myndi hann hverfa úr sjónlínu. Flötin er einungis sýnileg að hluta til og ekki er hægt að sjá hvar boltar lenda. Glompur eru rétt svo sýnilegar.

## Leikáætlun

Endurmótuð flöt leyfir stuttum höggum að renna inná flötina en til að komast nálægt pinna þarf vandað högg, sérstaklega ef hann er hægra megin, varinn af stórrí glompu. Vinstri hlutinn er mjórri og þar er einnig hægt að hafa krefjandi holustaðsetningu.

# Hola 13 - 150 m - Par 3

## Braut

Lækka mætti brautina aðeins til að koma fyrir glompum sem væru betur sýnilegar af teig. Þá myndi öll flötin einnig fá bak að aftan sem tæki betur við boltum sem lentu á flötinni.

## Glompur

Glompunum þremur vinstra megin verður fækkað í eina þar sem stutt högg er næg refsing. Þriðja glompan verður gerð meira hringlaga og mótar þar af leiðandi flötina vinstra megin og ver efri vinstri hluta hennar. Stór glompa hægra megin myndi lífga verulega upp á brautina ásamt því að verja hægri hluta flatarinnar.

## Vatnstorfærur

Engar á braut

## Flöt

Er vart sýnileg og lítið um holustaðsetningar. Ný flöt væri stærri, breiðari og byði uppá margar mismunandi krefjandi holustaðsetningar.

## Dren

Glompur ætti að dreina út fyrir braut. Ekki er hægt að tengja í annað drenakerfi svo þær losa sig við vatn í hæðina.

## Gróður

Ekki er þörf á stærri plöntum hér en hækka mætti kargann á svæðum sem ekki eru í leik og losna við beinar slátturlínur til að fá meiri líf í brautina. Lægri gróður í kringum teigana og meðfram brautinni myndi tengja brautina betur að umhverfinu.


## Stígur

Er of sýnilegur af teig þar sem hann fer upp hæð og í högglinu. Færa þyrfti hann örlítið suður og helst ná að lækka og fela með karga/gróðri í kring.

## Staðsetning bekkja og skilta

Eitt skilti er nóg fyrir alla teigana. Nóg af bekkjum ætti að vera við þar 3 holur þar sem þar myndast oft töf.

# Hola 14 - 441 m - Par 4



## Teigar

Hvítur teigur er til hliðar þó það bæti ekki mikið við lengdina. Hann getur haldið sér þar svo kylfingar séu ekki að skera of mikið af brautinni af hvítum. Hvíti teigurinn er ekki stór en ætti amk. að vera 65 m<sup>2</sup> og aðgreindur frá 16. teig.

Guli, blái og rauði teigur færast framar til að samræmast lengd af hvítum teigum. Það væri mögulegt að fella þá betur að landslaginu með grjóthleðslu svo þeir fái ekki eins mikla keilulögun og hliðarhalla eins og núverandi teigar. Töluverð fjarlægð er frá rauðum að braut en snögg sleginn kargi ætti ekki að vera vandamál og skila boltum á braut ef slegið er stutt þar sem halli er frekar mikill.

Stærð teiga: 65, 180, 130, 150 m<sup>2</sup>. Fjarlægð frá rauðum teig að braut: 68 m.

## Útsýni

Fallegt útsýni er yfir allan völlinn frá teigunum og yfir seinni helming brautar þar sem þeir eru mun hærri en braut. Þó sést ekki í byrjun brautar vegna hæðar í brekkunni. Pennan pall mætti lækka og hafa útsýni yfir alla brautina. Einnig geta högg slegin útaf hægra megin farið úr sýn.

## Leikáætlun

Útaf stórum vinkli frá teig á braut er hægt að skera eins mikið af brautinni eins og kylfingur þorir. Þetta er klassík "hetju" hola og ætti að styrkja þetta leikfyrirkomulag með glompum og brautarslætti. Með góðu upphafshöggi væri möguleiki að leika á flöt í tveim höggum á þessari þar 5 braut.

# Hola 14 - 441 m - Par 4

## Braut

Slá mætti brautina hærra upp hægra megin til að ýta undir "hetju-leik" af teigum. Glompur vinstra megin taka við boltum sem annars hefðu orðið of langir miðað við leiklínu og virka einnig sem miðunarpunktur. Flötin er síðan létt varin hægra megin svo þeir sem stytta sér leið eigi ekki of einfalt högg eftir.

Brautin verður að hluta til hækkuð vinstra megin til að skilgreina hana frá 15. braut og mynda bak fyrir glompur. Það þarf svo að lækka pallinn í byrjun brautar til að gera hana alla sýnilega.

## Glompur

Endurmóta þarf brautarglompur í fallettri lauflaga form, bæta við baki og þar með skilgreina brautina betur frá 15. braut. Ný glompa kemur við flötina hægra megin og sú vinstra megin þarf að endurmóta.

## Vatnstorfætur

Engin á braut.

## Flöt

Er að mestu í lagi ef glompur eru endurmótaðar og landslag þeirra tekið örlítið inn í flötina. Flötina mætti aftengja flötinni á 5. braut á Mýrinni til að aðgreina þessa tvo velli betur frá hvor öðrum. Þá er hægt að setja smá hæð á milli flatanna og nýta í brot í flötinni.

## Dren

Drenalægð í byrjun brautar mætti endurmóta til að vera ekki eins sýnileg en samt taka við vatni og leiða það af brautinni, þá myndi það opna sýn á byrjun brautarinnar. Hækkun vinstra megin myndar lágsvæði sem þarf að dreina úr í lágpunkta í brautinni sem þurfa að hafa niðurföll til að taka burt vatn. Stórt drenakerfi frá byrjun brautar meðfram brautinni tekur við öllu vatni og leiðir það út í skurði/læki við teigana.

## Gróður

Bæta þarf við gróðri í nýjar hæðir til að skilgreina brauta betur frá 15. braut. Þá myndast einnig miðunarpunktur af teigum og gróður í lágpunktum aðstoðar við að þurrka upp landið. Lágan gróður vantar svo í kringum teigana.


## Stígur

Sveigja þarf stíginn við teigana aðeins til að dreifa álagi af stígnum. Stígurinn að næsta teig þarf einnig að lengja svo aðkoma að honum verði ekki svona bein.

## Staðsetning bekkja og skilta

Kylfingar af hvítum teig munu ekki sjá á skilti við brautina þar sem það er við gula teiginn og hvíti teigur langt frá. Seinna skiltið vinstra megin við veg þjónar bláum og rauðum teigum. Bekki vantar við alla teiga.

# Hola 15 - 410 m - Par 4



## Teigar

Miðað við nýja flöt lengist holan og þarf að dreifa teigum upp á nýtt. Gulur færist framur, blár fær eigin teig meðan rauður heldur sér. Endurmóta þarf teigana og slétta þá með leiser eins og gert hefur verið við hvíta. Bæta þarf einnig við hringtorgi milli gula og hvíta teigs svo golf bílar geti snúið við.

Stærð teiga: 85, 180, 130, 150 m<sup>2</sup>. Fjarlægð frá rauða teig að braut : 41m.

## Útsýni

Er ágætt yfir slétta brautina. Flötin upp í hæðinni mun einnig vera vel sjáanlega af teigum.

## Leikáætlun

Flötin færist upp í brekkuna þar sem hún er varin hægra megin með glompum. Brautin sjálf er opin fyrir upphafshögg með einungis hættum hægra megin þar sem tjarnir eru. Hægt er að stytta sér leið í átt að flötinni með því að slá vinstra megin á braut. Brautarglompan er ekki í leik í upphafshöggi heldur er meira sem miðunarglompa og vegur upp á móti glompunum hægra megin við flötina og rammar holuna betur inn. Hún kemur meira í leik fyrir þá kylfinga sem velja að slá stutt og ekki reyna við flötina í öðru höggi.

## Braut

Þessi braut drenar sig núna illa og þykir af mörgum meðlimum versta braut vallarins. En með því að endurmóta alla vinstri hliðina með hæðum myndast möguleiki á að gera drenalægðir og dældir í brautina svo hún dreni sig í átt að tjörnunum. Með hæðum og lægðum milli 14. og 15. braut myndast skemmtilegri form sem hægt er að slá grasið eftir. Brautin sveigir svo upp hæðina þar sem flatarglompur skera brautina á hægri kant en leyfa þó kylfingum að spila vinstra megin framhjá og forðast hættur. Með því að spila upp á flötina virkar labbið á næsta teig ekki eins mikið þar sem fólk fær smá pásu hálf leið upp brekkuna.

# Hola 15 - 410 m - Par 4

## Glompur

Engin glompa er á landingarsvæðinu þar sem tjarnir hægra megin veita næga hættu við upphafshöggið. Brautarglompa vinstra megin er miðunarglompa þar sem hún er of langt í burtu af teigunum en kemur í leik í seinna höggi fyrir þá sem velja að spila styttri högg. Tvær glompur hægra megi framan við flötina skera svo brautina og verja flötina fyrir höggum meðan stór glompa fellur að flötinni hægra megin og mótar flötina auk þess að tengja hana við umhverfið.

## Vatnstorfærur

Endurmóta þarf fyrri tjörn með holu 6. á Mýrinni auk þess það snyrta alla tjarnabakka. Við endurmótun þarf að sjá til þess að brautir yfirborðsdreni sig í átt að tjörnum og allir lágpunktar fái niðurföll sem dreni sig í tjarnirnar. Tjarnirnar tvær eru í leik við upphafshögg og eru þess vegna engar glompur við landingarsvæðið.

## Flöt

Ný flöt færast upp í brekkuna en verður ekkert í líkingu við gömlu flötina þar. Nýja flötin verður lægri og tengist umhverfinu með því að falla að núverandi hæðum og þar með taka betur við boltum sem lenda á flötinni og leyfa auðveldari inná högg frá nánasta umhverfi. Flötin mótast af glompunni hægra megin og hæðunum sem tengja hana við landslagið í kring.

## Dren

Safna þarf vatni í lágpunkta með niðurföll sem drenað er úr með lögnum. Glompur á brautinni eru einnig tengdar drenakerfinu. Auk þess þarf að endurmóta braut og karga svo brautin dreni sig í átt að tjörnum. Leggja mætti einnig brautardren í slétt svæði beint í tjörnina.

## Gróður

Bæta þarf gróðri eftir endurmótun vinstra megin til að aðgreina brautina betur frá 14. og ramma hana inn. Lágan gróður þarf svo í kringum flötina eftir framkvæmdir.


## Stígur

Stíginn þarf að framlengja vinstra megin við teigana, hlutann hægra megin þarf að rífa upp og tyrfa. Snúningstorg kemur milli gula og hvíta teigs fyrir golfbílaumferð. Nýr stígur kemur vinstra megin upp brekkuna í kargann við nýju flötina. Þá færast almenn umferð kylfinga frá leiklínu 16. brautar.

## Staðsetning bekkja og skilta

Eitt skilti fyrir hvítu og gulu teigana við snúningstorg, hitt skiltið milli bláa og rauða teigs vinstra megin við stíg svo það trufli sem minnst.

# Hola 16 - 512 m - Par 5



## Teigar

Miðað við lengd brautarinnar af hvítum passar guli teigurinn en móta þarf nýja teiga fyrir bláa og rauða í brekkunni. Hvíti teigurinn verður afmarkaður frá 14. brautinni sem eigin teigur, jafnvel stalli lægri en hinn. Hann er hins vegar bara 65 m<sup>2</sup> og þar með minnsti hvíti teigurinn en á par 5 braut ætti ekki vera mikið um kylfuför á teignum.

Stærð teiga: 65, 180, 130, 150 m<sup>2</sup>. Fjarlægð frá rauða teig að braut : 41m.

## Útsýni

Er frábært af teigunum, braut vel sýnileg og útsýni yfir alla Vífilstaðahluta golfvallarins. Flötin sést hins vegar ekki af teignum þar sem hún er falin bak við hæð sem mætti lækka og endurmóta og gera þá flötina jafnvel sýnilega.

## Leikáætlun

Vatnsfarvegur sker brautina rétt fyrir aftan landingarsvæðið og er í flestum tilfellum of langt í burtu til að kylfingur geti valið að fara yfir á næsta pall. Hann refsar þó kylfingum sem slá vinstra megin og eru of langir. Nákvæmt upphafshögg er því nauðsynlegt af teig. Þessi braut er það löng að flestir ná ekki inn á flötina í tveim höggum og spila því seinna höggið fyrir framan flötina en þar mjókkar brautin töluvert og auk þess er stígur svo velja mætti að slá stutt högg til að halda sig á braut og eiga lengra högg þá inná. Ný stór glompa hægra megin setur svip sinn á brautina og hindrar bolta að rúlla útaf í vatn.



# Hola 16 - 512 m - Par 5

## Braut

Sé holtið á miðri braut minnkað um helmig er möguleiki að sjá inná flötina frá landingarsvæðinu auk þess eykur það öryggi að þurfa ekki að slá yfir og framhjá steinum. Helmingurinn af steinum heldur sér þó sem minnisvarði og einkenni brautarinnar og er hægt að flytja þá steina sem búsettir eru af álfum þangað. Við þetta opnast brautin og flötin er sýnileg, fólk sér seinna landingarsvæðið og minni slyshætta er auk þess fer minni tími í að leita að týndum bolta sem fólk sá ekki lenda. Mælt er með að skafa einnig úr hæðinni við 3. teigana til að opna flötina og gera hana sýnilegri.

## Glompur

Ný glompa hægra megin við tjörnina myndar algjörlega nýtt útlit og útlínur á seinna landingarsvæði og tekur við þeim boltum sem annars myndi rúlla út í vatnið. Önnur glompa vinstra megin í endurmótaða hæð rammur flötina inn og eykur á nákvæmnina sem þarf til að hitta inn á flötina, sérstaklega ef reynt er í tveim höggum.

## Vatnstorfæru

Vatnsfarvegur er meðfram brautinni vinstra megin í upphafshöggi og sker svo brautina í tvennt. Þeir högglangri gætu reynt að slá yfir hann. Tjörn kemur svo í leik við seinna landingarsvæði en rúllandi boltar stoppa í nýrri glompu.

## Flöt

Flötina þarf að stækka að framan og endurmóta bak í hana auk þess að láta glompuhverfi og hæðir mynda ný brot í flötina.

## Dren

Brautin ætti með góðu móti að dreina sig í vatnsfarveginn. Þau svæði sem eru of slétt fá brautardren sem hægt er að dreina í vatnsfarveginn eða tjörnina. Lágpunktar sem dreina sig ekki fá niðurföll og lagnir.

## Gróður

Þessi braut er ekki með miklum gróðri nema í kringum teigana og ekki er brýn nauðsyn að bæta við gróðri.


## Stígur

Stígur frá teigum færir frá hægri yfir á vinstri helming brautar fyrir framan rauða teiginn til að færa umferð fjær 15. holu. Stígurinn við flötina beygir fyrr frá brautinni til að dreifa álagi auk þess að vera fjær flötinni. Við endann kemur snúningstorg fyrir golfbíla.

## Staðsetning bekkja og skilta

Eitt við gula teiginn og annað við bláa teiginn. Hver teigur fær svo bekk.

# Hola 17 - 140 m - Par 3



## Teigar

Hér verður hvítur/gulur teigur brotinn upp í tvo teiga og stígurinn kemur fyrir aftan. Þá er hægt að gróðursetja og viðhalda lágum plöntum við teigana eins og umhverfið er nú. Stígurinn fer þá úr sýn þar sem hann mun vera falinn með gróðri við brautina. Blái og rauði teigur eru sameinaðir á einn stóran teig, væntanlega sést stígurinn aðeins meira af þessum teigum en fjarlægðin milli teiga samræmist lengd holunnar. Kylfuför verða mikil á stuttri par 3 svo hvíti teigur ætti ekki að vera minni en 85 m<sup>2</sup> og guli 180 m<sup>2</sup>.

Stærð teiga: 85, 180, 300 m<sup>2</sup>. Fjarlægð frá rauða teig að braut : 23m.

## Útsýni

Teigar og flöt eru á jafnsléttu svo útsýni er ágætt. Gróður felur mest allan stíginn svo útsýni ætti að vera náttúrulegt. Ný flöt upphækkuð að aftan gerir hana móttækilegri fyrir boltum og vel sýnilega af teigum.

## Leikáætlun

Par 3 braut með mjórri innkomu að annars stórra flöt. Varin að framan með tveimur glompum sem mynda brotin í flötina auk hæðarinnar að aftan. Hér er hægt að hafa auðvelda holustaðsetningu á miðri flöt eða erfiða við flatarkantinn þar sem glompur spila stærra hlutverk.

# Hola 17 - 140 m - Par 3

## Braut

Brautin verður slegin í meiri S-form og myndar þá hærri karginn fallegan ramma um holuna. Með því að slá brautina nær og með rauðum teigum framar en nú verður ekki langt að slá inn á brautina.

## Glompur

Tvær nýjar glompur á nýrri flöt verja hana að framan. Ekki er pláss né nauðsyn að bæta við glompum aftan við flötina.

## Vatnstorfæurur

Engar á braut.

## Flöt

Ný flöt sem lengir holuna í 140 metra af hvítum. Uppbygging hennar fer í aspirnar sem hægt er að færa vinstra megin við flöt. Flötin tekur vel við boltum og fellur náttúrulega að umhverfinu og landslaginu í kring.

## Dren

Glompur og lágpunkta er hægt að drena beint í skurði. Sé þörf á brautardreni er einnig hægt að drena í skurðina við næsta teig.

## Gróður

Nýr þykkur gróður kemur milli 17. brautar og 7. á Mýrinni þar sem þjónustuvegur færir til. Aspir fyrir aftan núverandi flöt verða fjarlægðar og nýr gróður kemur vinstra megin við flöt milli 17. og 1. á Mýrinni til að aðgreina sem best þessa tvo velli.

Lágur gróður eins og er núna við teigana heldur sér og er aukið við hann til að græða yfir sárið af núverandi stíg sem hverfur fyrir framan teigana. Þessum gróðri þarf að viðhalda í lítilli hæð til að hægt sé að spila yfir hann og hann hylji einungis stíginn en ekki brautina sjálfa.

## Stígur

Færir fyrir aftan teigana og sveigir svo fyrir framan þá við brautina. Hann þjónar einnig hvítu teigunum fyrir næstu holu.

## Staðsetning bekkja og skilta

Hér er mælt með tveim skiltum, einu við hvítan teig og öðru milli gula og bláa. Eitt skilti myndi ekki ná að þjóna öllum teigum.

# Hola 18 - 379 m - Par 4



## Teigar

Hér þarf að byggja upp betri og stærri hvítan teig. Staðsetningin er ekki ákjósanleg en meðan leikur af 18. truflar ekki leik af 17. er þetta í lagi. Þar truflar hvítur teigur bara hvítan. Hvítan teig mætti færa aðeins sunnar og tengja uppbygginguna á honum skurðinum og sveigjunni í honum. Miðað við hvítu lengdina þarf guli einnig að færast aftar og kemur þá í trjágróðurinn sem hvort eð er þarf að fara útaf hvíta teignum. Blái kemur á núverandi gula og rauði heldur sér en þarf að stækka. Hann ætti í raun að vera aftar en ekki er möguleiki að staðsetja hann alveg rétt miðað við lengd holunnar útaf skurði sem er mikilvægur fyrir dren af 1. braut.

Stærð teiga: 80, 180, 130, 150 m<sup>2</sup>. Fjarlægð frá rauða teig að braut : 30m.

## Útsýni

Núna er ekki útsýni af teig á landingarsvæðið ef slegið er langt högg. Hryggurinn í miðju brautarinnar þarf að lækka og mynda dæld sem rammar inn landingarsvæðið og gerir það sýnilegt. Flötin er ekki sýnileg af teigum en verður sýnileg af landingarsvæði. Nýtt klúbbhús vísar þó veginn að flötinni af teigum.

## Leikáætlun

Því meir til vinstri sem kylfingur þorir nær brautarglompunni, því betur opnast flötin. Sé spilað öruggt á hægri helming brautar koma flatarglompur hægra megin í leik og verja flötina. Lítil glompa vinstra megin við flöt mótast flötina, ver efr hluta flatarinnar og tekur einnig við of langt slegnum boltum.

# Hola 18 - 379 m - Par 4

## Braut

Fyrri hluti brautar vantar meira form og með endurmótun á hryggnum myndast meira S-form sem hægt er að slá brautina eftir. Hún lengist einnig í átt að teigum svo kylfingar af rauðum teigum þurfa ekki að slá of langt högg inn á braut. Nýmótaður efri hluti brautar hefur bætt ónáttúrulegar hæðir og ómerkilegar glompur í náttúrulegri form og betri tengingu við umhverfið.

## Glompur

Brautarglomba hægra megin fer þar sem hún refsar bara stuttum höggum.

Brautarglomba vinstra megin hefur verið endurmótuð í lauflaga form og umhverfi hennar tengt betur landslaginu í kring. Tvær nýjar glompur eru fyrir framan flöt og ein fyrir aftan til vinstri. Þær mynda sniðmát fyrir framtíðarform á glompum á vellinum, lauflaga og hringlaga, vel mótaðar og mynda áhugaverðara landslag en áður var.

## Vatnstorfærur

Skurður við hvítan teig sem liðast meðfram gulum og bláum teig verður endurmótaður í læk. Þ.e. vatnsyfirborð stækkar, bakkar endurmótaðir og lega hans frjálslægri heldur en bein lína skurðar. Vatnstorfærur eru annars ekki í leik á þessari braut.

## Flöt

Ný flöt var mótuð 2015 og er staðsett aðeins norðar en núverandi flöt útaf stærra klúbbhúsi. Hún er frábrugðin öðrum flötum með meira landslag og mótuðum glompum. Landslag hennar tengist umhverfinu og hólar og hæðir teygja sig inn í flötina. Þetta er fyrirmynd framtíðarflata vallarins.

## Dren

Þessi braut er sú eina sem ekki er með áætluðu drenni úr glompum þar sem ekki er hægt að tengja það við drenakerfi vallarins eða losa úr því á annan hátt. Glompur eru með drenapúða og sá hluti brautarinnar sem er endurmótaður leiðir yfirborðsdren eftir mótuðum drenalægðum sem taka vatn útaf brautinni og engir lágpunktar eru á braut.

## Gróður

Gróður þarf að fjarlægja í kringum teiga en bæta þarf í gróður milli 18. brautar og 1. á Mýrinni. Á hæðum við flötina er einnig hægt að setja gróður til fegrunar án þess að hann skyggi á útsýni vallarræsis á 1. teig Mýrarvallar. Til að fela stíginn milli 1. og 18. mætti einnig huga að lágum gróðri.

## Stígur

Stígur að hvítum teigum er einnig nýttur fyrir 17. holu. Stígurinn fer svo á milli gula og bláa teigs og heldur áfram vinstra megin við teiga áður en hann tengist þjónustustíg milli 1. og 18. brautar. Sveigjan á honum dreifir álagi útaf honum á 18. braut. Lítil stígur við flötina stýrir svo golfbíla umferð yfir á aðalstíginn í átt að klúbbhúsi meðfram teigum á 1. braut.

## Staðsetning bekkja og skilta

Eitt skilti fyrir hvíta teiginn, næsta skilti eftir brúna fyrir næstu 3 teiga. Hver teigur þarf svo bekkir sem ekki ættu að trufla leik af aftari teigum.

# Höggæfingasvæði

Höggæfingasvæðið mætti lengja með tilfærslu á skurðinum. Nýir teigar aftast geta gert æfingasvæðið nýtanlegt frá báðum endum. Nýliðanámskeið, krakkanámskeið og sérstakir grasteigar fyrir mótahald gætu nýtt aftari teigana. Stígurinn í átt að teigum á 5. holu á Mýrinni nýtist einnig fyrir aðgengi að þessum nýju teigum.

Æfingasvæðið sjálft yrði hækkað upp og mótað sem auðveldar yfirborðsvatni að ræsa sig af svæðinu, bæði beint í lækinn en sérstaklega í lágpunkta sem eru með niðurfalli og góðu drenakerfi.

Flatir yrðu mótaðar einnig í nýja landslagið og yrðu vel sýnilegar frá báðum endum svæðisins í 50, 100, 150 og 200 metrum. Hólar og gróður til hliðar myndu einnig afmarka svæðið betur frá 4. braut Mýrarvallar og veginum.



# Stutta spilið



Stutta spilið fengi svo sitt eigið svæði.

Þrjár nýjar æfingaflatir þar sem hægt væri að æfa allar hliðar stutta spilsins. Glompuhögg í átt frá bílastæðinu og vipphögg frá mismunandi legu og lengd. Stór púttflöt myndi einnig passa syðst þar sem minni halli er.

Púttflötin við klúbbhúsið yrði enn til staðar sem upphitunarflöt en öll kennsla og æfing færist vestur á nýja svæðið.

Svæðið fyrir norðan fyrstu brautina á Mýrinni mætti einnig nýta sem krakka og æfingasvæði með einni flöt til að æfa pútt og allt að 50 metra vipp.

Afmarka þyrfti það vel með gróðri og hólum frá fyrstu og áttundu braut Mýrarvallar.



# Viðhengi

## Skjöl:

Verkþættir og magntaka, braut fyrir braut - Leirdalur

## Teikningar:

- 1406-905 Framtidarskipulag Leirdalur 1\_2 1500 A1
- 1406-906 Framtidarskipulag Leirdalur 2\_2 1500 A1
- 1406-907 Framtidarskipulag Leirdalur 1\_2 Breytingar 1500 A1
- 1406-908 Framtidarskipulag Leirdalur 2\_2 Breytingar 1500 A1
- 1406-604 Tjarnir og yfirfoll - haedir og lagnir A1 2500 500
  - 1406-702 Drenakerfi 1\_2 1500 A1
  - 1406-703 Drenakerfi 2\_2 1500 A1
- 1406-704 Verkþættir og verksvæði 1\_2 1500 A1
- 1406-705 Verkþættir og verksvæði 1\_2 1500 A1
  - 1406-605 Snidmatar Flot A1 nts
  - 1406-606-A Snidmatar Teigar A1 nts
  - 1406-607 Snidmatar Bekkir og rusl A1 nts
  - 1406-608 Snidmatar Glompur A1 nts
  - 1406-609 Snidmatar Tre Grodur A1 nts



